



FRÉTTABLAÐIÐ

72. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 13. APRÍL 2022



Gunnur Árnadóttir, ekkja Haraldar Diego, minntist hans með kertaflýtingu ásamt öðrum aðstandendum við Þingvallavatn í gær. Haraldur fyrsti í flugslysi við vatnið í byrjun febrúar. Hann hefði orðið fimmtugur í gær. Flak vélarinnar verður líklega dregið upp síðar í apríl. Lögreglan vonast til að sönnunargögn hafi ekki spillst mikið þann tíma sem vélin hefur verið í vatninu. SJÁ SÍÐU 6. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Boðaðar hækkanir þrýsta á verðbólgu

Dæmi er um allt að fimmtán prósentu verðhækkanir í einu vetfangi á matvælamarkaði. Kaupmenn muna vart aðra eins bylgju hækkana. Aðal-
hagfræðingur Íslandsbanka segir áhrif á verðbólgu vera áhyggjuefni.

ggunnars@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Kaupmönnum berast nú fjölmargar tilkynningar um verulegar verðhækkanir frá innlendum og erlendum birgjum. Ekki er óalgengt að þær hlaupi á tugum prósentu.

Hluta ástæðunnar má rekja til heimsfaraldursins en ófriður í Evrópu, tíðarfar og verkföll hafa aukið enn á vandann. Stefán Ragnar Guð-

jónsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, segist ekki muna eftir öðru eins ástandi. Hækkanirnar taki til allra vöruflokka.

Erfitt getur verið að segja til um hvenær hækkanirnar koma fram. Stefán segir það velta á birgðastöðu og líftíma vörunnar. „Í ferskvöru bíta hækkanirnar hratt á meðan það geta liðið margar vikur áður en áhrifin ná til vöruflokka sem lúta öðrum lögmálum.“

Tilkynningar um þessar miklu hækkanir hafa borist nær látlaust frá því í lok síðasta árs.

„Sem dæmi þá var okkar stærsti erlendi birgir í grænmeti að boða frekari hækkanir í síðustu viku. Næstu mánuðir verða snúnir.“

Vonast er til að hrinu hækkana linni fyrir haustið.



Þetta leggst einhvern
vinninn allt á eitt.

Stefán Ragnar Guðjónsson,
framkvæmdastjóri Samkaupa

„Kerfið mun á endanum rétta úr kútnum. Við reynum alltaf að forðast verðhækkanir. Við litum á það sem okkar ábyrgð í þessu ástandi,“ segir Stefán.

Jón Bjarki Bentsson, aðal-
hagfræðingur Íslandsbanka, segir þessar lýsingar ekki koma á óvart. Verðbólguþá greiningardeildar

Íslandsbanka gerir nú ráð fyrir 6,8 prósentu verðbólgu og hækkun vísitölu neysluverðs um 0,8 prósent á milli mánaða.

„Það er einfaldlega mikil óvissa í kortunum,“ segir Jón Bjarki. „Við birtum sviðsmynd í þessari viku sem tekur einmitt til innflutta verðlagsins. Það gefur okkur vísbendingu um hvaða áhrif frekari hækkanir geta haft.“

Styrking krónunnar getur að einhverju leyti haldið aftur af þessum hækkunum að mati Jóns Bjarka en þó sé ljóst að verðbólga muni vaxa næstu mánuði.

„Það er í raun ekkert útlit fyrir að við náum einhverjum böndum á þetta fyrr en með haustinu. Það er verulegt áhyggjuefni,“ segir Jón Bjarki. ■

Konur sakaðar um að eyðileggja slökkviliðið

SAMFÉLAG Blásið hefur verið til átaks meðal starfsfólks slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu til að bæta starfsandann. Tvær konur sem vinna hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu hafa lýst miklu valdaójafnvægi á vinnustaðnum. Þeim sé meðal annars borið á brýn að storka hjónaböndum karlanna í liðinu með því einu að vera konur.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri segist kannast við málið og segir Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri að unnið sé að úrbótum.

Aðeins tólf konur starfa hjá slökkviliðinu af um 180 manns sem ganga vaktir. SJÁ SÍÐU 2.

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA
AFHENDING

Oddvitar mætast í fyrsta sinn í dag

adalheidur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Samtök um billausan lífsstíl standa fyrir fundi um virkar samgöngur í Reykjavík á Kex í dag. „Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem oddvitar allra flokka sem eru í framboði mætast,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, sem verður fundarstjóri.



Gísli Marteinn Baldursson, borgarfræðingur og fjölmiðlamaður

Hann segir alla flokka sem ýmist eiga sæti í borgarstjórn eða mælast með mann inni, hafa fengið boð á fundinn.

Gísli á von á mjög fjörugum fundi. „Þessi samtök hafa haldið svona fundi fyrir undanfarnar kosningar og þetta hafa alltaf verið alveg geggjáðir fundir, fullt af fólki og góð stemning og allir geta spurt frambjóðendurna, segir hann.

Fundarefnið eru virkar samgöngur og að sögn Gísla má búast við fjörugum umræðum um borgarlínu, hjólréiðar og önnur samgöngumál sem brenna á borgarbúum.

Fundurinn hefst klukkan 17 í Gym og Tonic-salnum á Kexinu. ■

Bungbúin skref



Öllu starfsfólki á skrifstofu Eflingar var sagt upp störfum í kjölfar þess að ný stjórn tók við völdum undir forystu Sólveigar Önnu Jónsdóttir. Starfsfólk Eflingar fundaði vegna málsins í gærmorgun en ákvörðun stjórnarinnar hefur verið mikið gagnrýnd. Sólveig Anna sagði hópuppsögn óhjákvæmilega og að með henni sé Baráttulistinn að standa við kosningaloforð sitt um nauðsynlegar breytingar á starfsemi Eflingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Aukið vægi Keflavíkur í varnarmálum

bth@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL Albert Jónsson, sérfræðingur í öryggismálum og fyrrverandi sendiherra, segir að Ísland hafi hernaðarlegt hlutverk sem sé að styðja við fælingar- og hernaðarstefnu NATO gegn Rússum.

Nú er samskipti NATO og Rússa hafi versnað vegna Úkraínu hafi Bandaríkjamenn aftur farið að nýta herstöðina á Keflavíkurflugvelli, meðal annars til að styðja við þessa stefnu.

„Ég tel að í kjölfar innrásar Rússa hafi fælingarstefna í norðurhöfum aukið vægi og þetta stuðningshlutverk Keflavíkurflugvallar kunni að leiða til aukinna aumsvifa.“

Að öðru leyti bendir Albert á að aukin bandarísk umsvif á Keflavíkurflugvelli tengist æfingum.

„En bein áhrif af Úkraínu hér, þau get ég ekki séð. Við erum í mörg



Albert Jónsson, fyrrverandi sendiherra og sérfræðingur í öryggismálum

þúsund kílómetra fjarlægð frá rússneska hernum,“ segir Alfreð.

Það vakti nokkra athygli þegar Vísir hafði eftir Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, vísinda-, iðnaðar-, og sem var starfandi utanríkisráðherra á meðan Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir var í Lúxemborg á fundum, að ekki væri hægt að útiloka að herstöð risi hér á ný vegna ástandsins sem nú geisar. Áslaug Arna hefur áréttað að engin umræða hafi farið fram um það í ríkisstjórninni. ■

Borið á brýn að vera of sexí fyrir karlana í slökkviliðinu

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu vinnur að átaki til að bæta kynbundinn vinnustaðakúltúr. Konur innan liðsins segja mikið valda ójafnvægi innan þess. Þurfa að þola niðrandi athugasemdir.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Tvær konur, Hallveig Guðmundsdóttir og Áslaug Birna Bergsveinsdóttir, hafa stigið fram og lýst því erfiða hlutskipti að vera konur í karllægu slökkviliði. Þær starfa báðar hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu og segja að valdaójafnvægið sé gríðarlegt. Erfitt sé að eiga rödd í svo miklum minnihluta. Jafnvel sé þeim borið á brýn að storka hjónaböndum karlanna í liðinu með því einu að vera konur.

Hallveig og Áslaug Birna rituðu færslu á Facebook þar sem Hallveig segir: „Mig hefði aldrei grunað hversu erfitt það væri að stiga inn á þennan karllæga vinnustað, þrátt fyrir að hafa eignast fjögur börn og gengið í gegnum alls konar erfitt og lærdómsríkt í lífinu.“

Meðal athugasemda sem hún segist hafa heyrt innan liðsins eru glósur um að þær konurnar séu að eyðileggja vinnustaðinn, þær séu of pumpaðar, ófá tár hafi trillað niður kinnar. Oft hafi spurningin kviknað hvort amstrið sé þess virði að standa í því en þetta sé drauma-djobb þeirra beggja. Þær neiti að gefast upp.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri segist kannast við málið en vísar á mannauðsstjóra slökkviliðsins, Guðnýju Elísabetu Inga-dóttur. Guðný segist ekki draga upplifun Hallveigar og Áslaugar í efa. Margt þurfi betur að fara innan liðsins í þessum málum. Markvisst sé unnið að úrbótum.



Eldar loga innan Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu vegna niðrandi framkomu sem konur í liðinu þurfa að þola.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Aðeins tólf konur starfa hjá slökkviliðinu af 180 manns sem ganga vaktir.

„Engum á að líða illa í vinnunni, öllum á að líða vel. Þannig viljum við hafa það,“ segir Guðný.

Aðeins tólf konur starfa hjá slökkviliðinu af um 180 manns sem ganga vaktir. Fyrsta konan var ráðin árið 2008. Guðný segir að nú standi yfir fræðsla fyrir allt starfsfólk og einkum stjórnendur. Sérstaklega

verði spjótunum beint að einelti og kynferðislegri áreitni.

„Við erum á þeirri vegferð að bæta vinnustaðarmenningu, en eins og gefur að skilja hefur þetta verið vinnustaður nánast einungis karla. Að koma inn í þessa menningu getur verið flókið. Þetta mun taka tíma,“ segir Guðný.

Innt viðbragða um að konurnar í liðinu séu sagðar storka hjónaböndum karlanna – væntanlega með því að þykja aðeins of sexí – segir mannauðsstjórinn að viðhorf karla sem tali þannig lýsi sorglegri fáfræði.

„Auðvitað viljum við ekki hafa svona inni á vinnustaðnum.“

Aftur á móti segir Guðný að starfsfélagar Halldísar og Áslaugar hafi sest niður með þeim og rætt málin eftir að þær tjáðu sig. Það sé jákvætt.

Guðrún hvetur konur til að sækja um störf hjá liðinu. ■

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga
laugardaga
sunnudaga

7.30 - 17.30
8.00 - 16.00
9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Sími: 561 1433



KRONAN

Opið alla páskana!

– Nánar á kronan.is

Gleðilega
páska!



Psst ... Kíktu á www.kronan.is

Listamenn bíða viðspyrnuaðgerðanna sem ráðherra boðaði

emd@frettabladid.is

COVID-19 Óljóst er hvenær og hvort hægt verði að sækja um aukaúthlutun úr sviðslistasjóði og launasjóði sviðslistafólks.

Í janúar gaf menningar- og viðskiptaráðuneytið út að gripið yrði til öflugra viðspyrnuaðgerða og 450 milljónum varið í þágu tónlistar- og sviðslistageiranna vegna kórónaveirufaraldursins. Aukaúthlutun yrði auglýst á vormánuðum.

Guja Sandholt, sjálfstætt starfandi söngkona, spyr um stöðu máls-



Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra

ins í stöðuuppfærslu á Facebook og merkir við Lilju Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra. Í athugasemd við færsluna kemur fram að SELF, samstöðuhópur einyrkja og litilla fyrirtækja í ferða-

þjónustu, sé í sömu stöðu. Enn sé ekki búið að opna fyrir umsóknir úr þeim hópi.

„Við erum búin að senda fjölda pósta á efnahags- og viðskiptanefnd og alla alþingismenn og ráðherra vegna tafa á því að þessir styrkir komi til afgreiðslu,“ segir Jóna Fanney Svavarsdóttir, rekstraraðili í ferðaþjónustu á landsbyggðinni og meðlimur í SELF. Lilja ráðherra hafi ekki svarað einum einasta tölvu-pósti frá hópnum né lagt sig eftir því að heyra í fólkinu. „Viðspyrnuaðgerðir eru því miður, einmitt núna




Við erum búin að senda fjölda pósta á efnahags- og viðskiptanefnd og alla alþingismenn og ráðherra.

Jóna Fanney Svavarsdóttir, rekstraraðili í ferðaþjónustu

þegar undirbúningur viðspyrnu ætti að standa sem hæst í samfélaginu, bara fallegar áætlanir í orði en ekki á borði.“

Í svari mennta- og viðskiptaráðuneytisins til Fréttablaðsins segir að frumvarp um aukið fjármagn fyrir starfslaun listamanna í gegnum launasjóð sviðslistafólks liggi fyrir á Alþingi. Ekki sé búið að afgreiða það og því ekki hægt að verða við óskum um úthlutanir að svo stöddu. Upplýsingafulltrúi ráðuneytisins segist því miður ekki vita hvenær þingið taki málið til afgreiðslu. ■



Brottfall varð úr stétt leigubílstjóra í faraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fleiri leigubílar á suðvesturhorninu

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Leigubílalæfing á suðvesturhorninu verður fjölgað um 100, fara úr 580 í 680, samkvæmt drögum að nýrri reglugerð Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra. Um er að ræða takmörkunarsvæði I, sem er höfuðborgarsvæðið og Suðurnes.



Fjöldi leyfa fer úr 580 í 680.

Er þetta gert til að bregðast við leigubílastærð sem mikil umræða hefur verið um undanfarið. Brottfall varð úr stéttinni í faraldrinum og fjöldi leyfa hefur staðið í stað í áratugi. Forsvarsmenn leigubílafyrirtækja hafa bent á að það vanti allt að 200 ný leyfi til að takast á við fyrir-séðan fjölda ferðamanna í sumar. ■

Hjarðónæmi náð og Omíkrón klárast

Innliggjandi sjúklingum með Covid fækkar milli daga á Landspítala. Daglega greinast um hundrað til tvö hundruð manns með sjúkdóminn. Sóttvarnalæknir segir hjarðónæmi náð og að Omíkrón-bylgjan sé að klárast. Enn séu þó óvissuþættir varðandi faraldurinn og endalok hans.

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 „Það er miklu minni útbreiðsla í samfélaginu núna og það er vegna þess að hjarðónæmi er náð,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. „Svo helst þetta allt í hendur og með færri smitum fækkar innlögnum á sjúkrahús,“ bætir hann við.

48,7 prósent íbúa landsins hafa greinst með Covid-19 og í gærmorgun lágu 17 sjúklingar með Covid á Landspítala. Þann 1. apríl voru þeir 39 talsins og hálfum mánuði fyrr lágu 85 sjúklingar með Covid á spítalanum.

Þórólfur segir þá bylgju sem nú gengur yfir, Omíkrón-bylgjuna, að öllum líkindum að klárast. Þó séu enn óvissuþættir varðandi framhald faraldursins. „Í fyrsta lagi er það óvissuþátturinn sem snýr að því hversu lengi þetta ónæmi sem nú er til staðar endist,“ segir hann.

„Það eru alveg líkur á því að það muni dvína þannig að fólk geti smitast aftur, kannski í haust eða eitthvað, við vitum það ekki. Svo eru auðvitað líkur á því að það komi ný afbrigði sem þetta ónæmi sem við erum komin með verndi ekki fyrir,“ segir Þórólfur en bætir við að ómögulegt sé að segja til um það hvort eða hvenær það geti gerst.

„Þess vegna held ég að það sé óvarlegt að segja að Covid sé



Þórólfur segir ekki fyrir-séð hversu lengi það hjarðónæmi sem náðst hefur hér á landi endist og veiti vörn gegn Covid-19.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

almennt búið. Það hefur kannski um helmingur mannkyns fengið Covid sem þýðir að það er enn þá fullt af fólki sem getur fengið Covid í heiminum og þá er enn þá möguleiki á nýjum afbrigðum,“ útskýrir Þórólfur sem sjálfur hefur ekki smitast af veirunni.

Spurður að því hvort fyrri afbrigði geti dúkkað upp aftur segir Þórólfur svo ekki vera. „Fyrri afbrigði eru bara horfin vegna þess að Omíkrón hefur tekið yfir.“

Hann segir Omíkrón skapa vernd gegn fyrri afbrigðum líkt og Delta

og Alpha sem geri það að verkum að fólk smitist ekki af þeim. Komi upp algjörlega nýtt afbrigði veiti fyrri afbrigði ekki vernd gegn þeim. Upp hafi þó komið ýmis undirafbrigði Omíkrón. „En ég myndi nú halda að ónæmið gegn Omíkrón ætti að veita vörn gegn þessum undirafbrigðum eins og staðan er núna,“ segir Þórólfur.

Í Omíkrón-bylgjunni sem hófst þann 30. júní í fyrra höfðu í gærmorgun 34 einstaklingar með Covid látið lífið. Þórólfur segir ómögulegt að segja til um hvort um sé að ræða dauðsföll af völdum sjúkdómsins eða hvort ástæður andlátanna séu aðrar þrátt fyrir að fólkið hafi verið með Covid.

„Oft er þetta fólk sem er með marga undirliggjandi sjúkdóma og þolir lítið, en ef fólk með undirliggjandi sjúkdóma versnar þegar það fær Covid þá er þetta Covid-tengt dauðsfall,“ segir Þórólfur.

Þá segir hann að umfram dauðsföll séu einnig til skoðunar. „Við fylgjumst náið með því hvort þeim fjölgi og hvort þau séu fleiri en á sama tíma árin á undan. Það var greinilegt að þau voru fleiri í mars á þessu ári en vanalega. Við getum samt ekki fullyrt að það sé vegna Covid. Það er þó líklegt að það hangi saman með útbreiðslu sjúkdómsins.“

Síðustu tvö ár hefur verið mikil útbreiðsla Covid-smita um páska og í gildi hafa verið strangar sóttvarnareglur. Sagan er önnur núna og segist Þórólfur taka því fagnandi. Spurður að því hvort til samkomubanns og harðra sóttvarnareglna gæti komið aftur segir hann það ólíklegt. „Það þyrfti að vera eitthvað mikið í gangi en við vitum hvað virkar ekki og hvað virkar ef allir taka þátt en vonandi þurfum við ekkert að vera að grípa til þeirra aðgerða aftur.“ ■



FRÉTTAVAKTIN

kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttavaktin er fjölbreytt fréttu-umfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Sígildir sigurvegarar

Risa Eitt Sett var nýlega valið besti nýliðinn á Nammitips. Eitt Sett er að sjálfsögðu líka til sem unaðslegt páskaegg. Annar sigurvegari er okkar sígilda og ómótstæðilega Nóa Kropp sem var valið mest ávanabindandi nammið á Nammitips. Hvort eggjið ætlar þú að fá þér?

Bréf þýskra banka féllu vegna kaupa í Íslandsbanka

olafur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Hlutabréf í Deutsche Bank og Commerzbank lækkuðu um næstum 10 prósent í gær vegna þess að einn stærsti hluthafinn í Íslandsbanka seldi meira en 5 prósentu hlut í báðum bönkum. Bandaríska sjóðastýringarfyritækið Capital Group, sem flaggaði 5,06 prósentu hlut í Íslandsbanka fyrir rúmum hálfum mánuði, er seljandi hlutanna. Verðmæti þeirra er samtals 1,75 milljarðar evra. Nokkrar vikur eru síðan Capital Group seldi í bankanum Barclays fyrir 900 milljónir sterlingspunda. ■



Mikill viðbúnaður var á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tugir særðir eftir skotárás í gær

helenaros@frettabladid.is

BANDARÍKIN Minnst tuttugu særðust, þar af eru tíu með skotsár, eftir skotárás sem átti sér stað í lest í Brooklyn-hverfi í New York í gærmorgun. Fimm þeirra eru alvarlega slösuð en í stöðugu ástandi samkvæmt heimildum The Guardian. Árásarmaðurinn var enn ófundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Lögreglan leitaði flutningabíls sem sást á vettvangi og var skráningarnúmer bílsins meðal annars birt í fjölmiðlum til aðstoðar. ■

Vonast til að tafir á björgun flaksins hafi ekki spillt sönnunargögnum

Lögreglan vonast til að drátturinn sem orðið hefur á björgun flugvélarflaksins í Þingvallavatni hafi ekki spillt sönnunargögnum. Veðurspáin lofar góðu og styttest í að flakinu verði bjargað.

bth@frettabladid.is

FLUGSLYS „Ég reikna með að það geti orðið seinni hlutann í apríl sem það gangi eftir að við komum flugvélarflakinu upp,“ segir Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi. Undirbúningur er hafinn fyrir næsta legg í rannsókn slyssins þegar fjórir fórust með flugvélinni TF-ABB við Ölfusvatnsvík í Þingvallavatni. Ís á Þingvallavatni hefur komið í veg fyrir að hægt sé að koma flugvélarflakinu upp úr vatninu. Nú er veðurspáin þannig og aðstæður allar að talið er að skilyrði til björgunar skapist innan tíðar.

„Það er spád hlýnandi og við erum í raun tilbúin,“ segir Oddur. Ef kafarar hjá Landhelgisgæslunni og sérsveitin væru ekki í verkefnum sem snúa að Norður-Víkingi má skilja af Oddi að ekkert sé nú til fyrirstöðu.

„Við erum ekkert að rjúka af stað fyrir páska, en ég veðja á að í vikunni eftir páska verði farin að komast mynd á þetta,“ segir Oddur. Um umfang aðgerðarinnar segir Oddur að um heldur minni aðgerð sé að ræða en þegar flugmanninum og þremur farþegum hans var komið upp úr vatninu með giftusamlegum hætti. Sú aðgerð var flókin og kallaði á mikinn mannafla og öflugan tæknibúnað svo sem kafbát sem gegndi lykilhlutverki. Um sextíu manns komu að því verkefni.

Oddur segir að vonast sé til að ekki hafi orðið frekara tjón á sönnunargögnum í flugvélinni en nemi því sem kunni að hafa spillst þegar



Frá aðgerðinni þegar tókst að ná hinum látnu úr vatninu. Næsta skref er flugvélin sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

”
Við vitum ekkert með vissu fyrr en við erum með vélina í höndunum.



Oddur Árnason

»
Kertafleyting fór fram á Þingvallavatni í gær en þá hefði Haraldur Diego flugmaður orðið 50 ára. Nánasta fjölskylda og vinir komu saman.

vélin fór niður. Tíminn í ísköldu vatninu hafi að líkindum ekki haft neikvæð áhrif á rannsóknina þótt erfitt sé að staðhæfa um slíkt á þessu stigi.

„Við vitum ekkert með vissu fyrr en við erum með vélina í höndunum,“ segir Oddur. Það eru sérfræðingar sem fá svo þessi töl og tæki í hendurnar. Hvað þeir þurfa langan tíma veit ég ekki,“ segir Oddur. Kertafleyting fór fram á Þingvallavatni í gær en þá hefði Haraldur Diego flugmaður orðið 50 ára. Nánasta fjölskylda og vinir komu saman. Haraldar hefur verið minnst með mörgum fögnum orðum. Farþegarnir þrír sem létust með Haraldi í slysinu voru frá Bandaríkjunum, Belgíu og Hollandi. Þeir eru Josh Neuman, 22 ára áhrifavaldur, Nicola Bellavia, 32 ára áhrifavaldur, og Tim Alings, 27 ára markaðsmaður. ■



ÚRVAL ÚTSÝN





20. - 30. APRÍL | 10 DAGAR
HOTEL PALMASOL 4*
VERÐ FRÁ **69.900 KR**
TVÍBÝLI
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 99.500 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA




20. - 30. APRÍL | 10 DAGAR
ALUASUN COSTA PARK 4*
VERÐ FRÁ **99.500 KR**
FJÖLSKYLDUHERBERGI MEÐ HÁLFU FÆÐI
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN
VERÐ FRÁ 111.500 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

ÚRVAL ÚTSÝN

HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓPAVOGUR

SÍMI 585-4000

INFO@UU.IS



Úkraïnskur hermaður flýgur dróna í borginni Írpin í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Heimasmíðaðir drónar mikilvæg stríðsvopn

helenaros@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Drónar smíðaðir af tækni-áhugamönnum í kjöllurum í borginni Lvív í vesturhluta Úkraínu, aðeins sjötíu kílómetrum frá landamærum Póllands, áttu stóran þátt í að verja Kænugarð fyrir því að Rússar næðu borginni á sitt vald í stríðinu sem nú geisar í Úkraínu. Samkvæmt fréttaveitunni AFP eru drónarnir orðnir eitt mikilvægasta vopn Úkraínumanna. Þrátt fyrir að þeir líti sakleysislega út eru þeir hannaðir til að drepa Rússa. Mennirnir á bak við drónana tilheyra hópnum Nebesna Kara, sem þýðir refsing að ofan en fyrir stríðið kepptu þeir vinirnir í drónaflugi.

Hópurinn hannar nokkrar tegundir af drónum, sem dæmi er einn útbúinn sprengju á stærð við vínflošku. Annar er í laginu eins og lítil orrustuflugvél sem er á stærð við ránfugl en á honum er myndavél sem notuð er við njósnir til að finna skotmörk fyrir úkraínska stórskotaliða. Þá bera aðrir drónar áfastar sprengjur sem hægt er að varpa yfir rússneska fótgönguliða. Frá því að innrás Rússa í Úkraínu hófst aðfaranótt 24. febrúar síðastliðinn hefur hópurinn búið til eða endurbætt um fjörutíu sérhannaða dróna fyrir úkraínska herinn. Þeir hafa reynst vel í baráttunni við Rússneska herinn síðasta rúma mánuðinn. ■

ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT



Glaðningur fyrir tvo, Rómantík á flottu hóteli, Dekurstund,
Gourmet á glæsilegum veitingastað, Bröns fyrir tvo
og Kósý kvöld eru meðal vinsælla Óskaskrína.

Gefðu upplifun í öskju.

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á oskaskrin.is



Eymundsson

HAGKAUP

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



Óskaskrín

■ Skoðun

Guðmundur Gunnarsson



Mistök

Það hefur verið hart sótt að Bankasýslunni í kjölfar sölunnar á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Hvað sem okkur kann að finnast um jafn flókið ferli og sala ríkisbanka er þá má alveg velta því fyrir sér hvort upplýsingagjöfin hefði getað verið skýrari.

Nú vill svo til að Bankasýsla ríkisins vinnur eftir skýrri stefnu í þeim efnum. Stefnu sem er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar. Þar segir beinlínis að Bankasýslan leggi sérstaka áherslu á gagnsæi. Í stefnunni er talað sérstaklega um traust á fjármálakerfinu. Að það standi og falli með vandaðri miðlun upplýsinga til almennings. Bankasýslan lítur á það sem eitt af sínum verkefnum.

Umræða síðustu daga bendir ekki beinlínis til að það hafi tekist. Að minnsta kosti ekki þannig að eigendur bankanna skildu fyllilega hvað var í vændum. Með eigendum bankanna er vissulega verið að vísa til venjulegs fólks.

Vissulega er verkefnið flókið. Þetta er viðkvæmt mál sem hreyfir við fólki. Í ljósi sögunnar. En gagnrýnin sem Bankasýslan stendur frammi fyrir kemur ekki bara frá almenningi. Hún heyrir líka frá þeim sem tóku beinan þátt í útboðinu.

Reyndar virðast kjörnir fulltrúar, sem stóðu í hringiðunni miðri, ekki heldur hafa skilið fyllilega hvað stóð til að gera. Það getur nú varla talist ákjósanleg niðurstaða þegar eitt af meginmarkmiðunum var að hafa allt uppi á borðum og skapa traust.

Fólk skildi einfaldlega ekki hvað Bankasýslan var að sýsla.

Við miðlun upplýsinga er algjört lykilatriði að ávarpa rétta höpa. Flóknar textasúpur eru til dæmis ekki best til þess fallnar að fanga athygli almennings. Fólk vill aðalatriðin á mannamáli. Í hnotskurn. Engar málalengingar eða fylgiskjöl.

Það er alltaf á ábyrgð þess sem miðlar upplýsingum að sjá til þess að þær komist til skila. Fólk er svekkt vegna þess að því finnst það ekki hafa verið upplýst. Það er kjarni málsins.

Stjórnendur Bankasýslunnar þurfa að velja því fyrir sér hvort þeim hafi í raun tekist ætlunarverk sitt. Þeir seldu vissulega hlutinn í bankanum. En þeim tókst ekki að upplýsa almennig. Þaðan af síður tókst þeim að endurvekja einhvers konar traust á fjármálakerfinu. Eins og þeir sögðust ætla að gera. ■

Sáralítið aðhald í ríkisrekstrinum

Ítrekað er rætt um aðhald í ríkisrekstri en þar fara ekki saman orð og efndir. Ráðdeild og sparnaður eiga sér fáa formælendur á þingi.

Björn Jón Bragason

Hér var fyrir viku fjallað um mikla fjölgun opinberra starfa en hún getur haft ruðningsáhrif á almennum vinnumarkaði, takmarkað hagvaxtargetu þjóðarbúsins og þyngt opinberan rekstur.

Við bætist að hið opinbera hefur leitt launaþróun undanfarin ár sem þyngir rekstur og skapar verðbólguþrýsting en í álitsgerð fjármálaráðs um fjármálaáætlun fyrir 2020 til 2024 sagði að stjórnvöldum bæri „að spyrna gegn því að launahækkanir opinberra geirans leiði launamyndun á vinnumarkaði“. Svo er að sjá sem ríkisvaldið hafi lítið gert til að verða við þeim tilmælum.

Birgir Jónsson, núverandi forstjóri flugfélagsins Play, var um hrið forstjóri Íslandsþósts en lét af störfum í nóvember 2020 eftir ósætti við suma af stjórnarmönnum fyrirtækisins og að því er virðist sér í lagi þáverandi stjórnarformann, Bjarna Jónsson, núverandi alþingismann Vinstri grænna. Í samtali við Vísi um síðustu helgi sagði Birgir að sumir stjórnarmanna ríkisfyrirtækisins hefðu talið að reksturinn ætti að endurspeglar áherslur stjórnmalaflokka sem skipuðu þá í stjórnina. „Þá skipti engu hvort tap eða hagnaður yrði af starfseminni, bara hvernig baklandið eða flokkurinn myndi dæma leikinn,“ sagði Birgir.

Verkefni Birgis á þeim skamma tíma sem hann stýrði Íslandsþósti var umfram allt að reyna að snúa við miklum taprekstri og lágmarka þær greiðslur sem ríkissjóður yrði að setja í reksturinn. Birgir bætti við í samtalinu: „Þarna sá ég að það bruðl og óhagkvæmni sem hefur einkennt ríkisreksturinn á Íslandi er tilkomið vegna þess að pólitískar áherslur og hagkvæmni í rekstri fer alls ekki saman.“ Segja má að Birgir hitti þarna naglann á höfuðið – varla verður séð að nokkur áhersla sé á aðhald í opinberum rekstri en um leið er rétt að spyrja hvort nokkur þörf sé á að hið opinbera sinni til dæmis pósthjónustu sem er að stórum hluta í samkeppni við einkaaðila.

Innantómt tal um aðhald

Þegar kórónaveirukreppan skall á vorið 2020 var rekstur ríkissjóðs í járnnum og því ekkert svigrúm til að bregðast við niðursveiflu nema að auka skuldsetningu. Samtök atvinnulífsins bentu á það í umsögn sinni um fjárlagafrumvarp þessa árs að stjórnvöld ræddu ítrekað um aðhald í rekstri en þegar að væri gáð gætti litils taumhalds. Í ofanálæg birtist þar óhófleg bjartsýni varðandi stöðu hagkerfisins á næstu árum og misserum og verði þróun til verri vegar í efnahagsmálum muni reynast pólitískt erfitt að aðlaga ríkisfjármál breyttum veruleika.

Fjárlög þessa árs er fróðleg lesn-



Fyrir ekki svo löngu síðan var það í verkahring forstöðumanna ríkisstofnana að svara sjálfir fyrir verk sinnar stofnunar. Nú eru þeir ýmsir í felum en ráða til sín almannatengslafulltrúa til að fegra ásyndina.

ing en á meðfylgjandi töflu má sjá hvernig útgjöld til ýmissa málaflokka hafa vaxið hratt á síðustu þremur árum. Framlög til einnar eftirlitsstofnunar ríkisins, Fjölmíðlanefndar, námu 17,5 milljónum árið 2008 og þótti ýmsum nóg um en á fjárlögum þessa árs eru stofnuninni ætlaðar 94,2 milljónir króna. Útgjöld til þessarar stofnunar hafa aukist hratt undanfarin ár og forsvarsmenn hennar virðast hafa verið í vanda með að ráðstafa fjármunum sem þeim var úthlutað því þeir ákváðu að koma sjálfir á fót fjölmíðli í formi hlaðvarps – en stofnunin er ein af mörgum ríkisstofnunum sem halda úti öflugri áróðursstarfsemi.

Viða má spara

Hið opinbera hefur sópað til sín mörgum af færustu blaða- og fréttamönnum landsins til þess að gerast þjórnar forstöðumanna ríkisstofnana. Fyrir ekki svo löngu síðan var það í verkahring forstöðumanna ríkisstofnana að svara sjálfir fyrir verk sinnar stofnunar. Nú eru þeir ýmsir í felum en ráða til sín almannatengslafulltrúa til að fegra ásyndina. Hér mætti án efa taka til hendinni í leit að sparnaðarkostum. Ef frjálsum fjölmíðlum yrði skapað heilbriggt rekstrarumhverfi gætu þeir alfarið séð um að flytja okkur óbrennlaðar fréttir af störfum hins opinbera.

Hér er ótalið að sjálft rekur ríkisvaldið stærsta fjölmíðil landsins og ver til hans yfir fimm milljörðum á fjárlögum þessa árs þrátt fyrir að sú starfsemi sé að stórum hluta í samkeppni við einkareksturinn og við blasi að einkafyrirtæki gætu

Lítið dæmi af ríkisrekstrinum

Íslendingar eru að ýmsu leyti eftirbátar annarra vestrænna þjóða þegar kemur að ríkisrekstri. Hér annast ríkið til að mynda útgáfu námsbóka. Bókaforlögin hafa innan við eitt prósent tekna sinna af útgáfu námsbóka en þetta hlutfall er nærri þriðjungur í Finnlandi. Þetta kann að hafa haft viðtækar afleiðingar líkt og Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, benti á í samtali við Fréttablaðið í desember: „Á sama tíma hefur lesskilningi og læsi hérlandis hrakað mjög og ég hef velt því upp hvort þar kunni að vera samhengi á milli, að börnum sé einungis kennt námsefni ríkisútgáfunnar fremur en að kennarar geti valið úr úrvali les- og kennsluefnis af almennum markaði.“

Ýmis útgjöld ríkissjóðs í milljónum talið

	Reikningur 2020	Fjárlög 2021	Fjárlög 2022
Aðalskr. forsætisr.	952,5	921,1	1.069,8
Bygðastofnun	385,3	380,9	419,0
Fangelsismálastofnun	2.222,9	2.289,1	2.519,3
Fjölmíðlanefnd	79,3	91,3	94,2
Héraðsdómstólar	1.814,0	1.883,1	2.030,4
Jafnréttisstofa	124,6	159,2	167,7
Ríkisútvarpið	4.930,0	4.655,0	5.085,0
Sendiráð Íslands	3.767,8	4.074,8	4.037,6
Sýslumannsembætti	3.224,5	3.314,3	3.415,2

með mun hagkvæmari hætti sinnt stórum hluta þeirra verkefna sem nú eru á könnu Ríkisútvarpsins.

Eins og sjá má af meðfylgjandi töflu eru tölur um útgjöld ríkisstofnana á hraðri uppleið. Í Viðskiptablaðinu á dögunum var til að mynda greint frá því að kostnaður við rekstur Veðurstofunnar á verðlagi ársins 2021 hefði vaxið úr 1.074 milljónum króna árið 1995 í 3.077 milljónir samkvæmt fjárlögum þessa árs. Þá hefði fastráðnum starfsmönnum á tíu ára tímabili, 2009 til 2019 fjölgað úr 120 í 146.

Óseðjandi hit

Af og til hafa ríkisstofnanir verið sameinaðar á undanförunum árum en þá er engu líkara en nýjar spretti upp jafnóðum. Sú nýjasta ber nafnið Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Enginn þarf að efast um að tilgangurinn með stofnun hennar sé göfugur en ætli einhver kunni ekki að spyrja sig hvort næst þurfi að stofna sambærilega stofnun fyrir skólamálin og svo mætti áfram telja. Þá var nýlega tilkynnt um stofnun nýs sendiráðs Íslands í Varsjá en heildarkostnaður við rekstur sendi-


ráða er kominn yfir fjóra milljarða á ári.

Í byrjun árs voru blöð með atvinnutilboðum uppfyll af auglýsingum frá Stjórnarráðinu vegna þeirra breytinga sem þar eiga sér stað og munu að sögn kosta 1,8 milljarða króna. Ekki skortir frumleikann í starfsheimum; skrifstofustjóri á skrifstofu verðmætasköpunar, sérfræðingur á sviði ríkisaðstoðar, sérfræðingur á sviði fjölmíðla og þannig mætti áfram telja. Við breytingarnar á Stjórnarráðinu hefði umfram allt átt að leita leiða til hagræðingar og aukinnar skilvirkni. Ekki verður séð að þau sjónarmið hafi að öllu leyti ráðið för.

Næstum eina gagnrýnin frá þingmönnum sem fram kemur á fjárlagafrumvarpið hverju sinni er á þá lund að ekki sé nægu fé varið í hinn eða þennan málaflokkinn. Sparnaður og ráðdeild eiga ekki upp á pallborðið í stjórnálaumræðu samtímans og því litlar líkur á að núverandi þingheimur taki til hendinni í þessum efnum. Því má velja upp hvort pólitíkin sé ekki á háskabraut þegar lítið sem ekkert taumhald er á útpenslunni. ■

Ríkisvaldið starfrækir stærsta fjölmíðil landsins og ver til hans yfir fimm milljörðum á fjárlögum þessa árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Vinaleg heimili

Áhersla á **velliðan**, **umhverfi** og **samnýtingu**. Nánar á [heimstaden.is](#)

Heimstaden

Verið að lýsa yfir vantrausti á lífeyrissjóðina

magdalena@frettabladid.is

Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við Háskólann í Reykjavík og nýkjörinn stjórnarmaður í Almenna lífeyrissjóðnum, segir að 16 ára innleiðingartími á því að rýmka svigrúm lífeyrissjóðanna til fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum sé of langur og með honum sé í raun verið að lýsa yfir vantrausti á lífeyrissjóðina.

Í frumvarpsdrögum fjármálaráðherra er lagt til að svigrúm lífeyrissjóðanna til fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum sé rýmkað og fært úr því að vera 50 prósent af heildar eignum sjóðanna upp í 65 prósent. Sú breyting á að taka gildi í 15 jafnstórum skrefum á árunum 2024 til 2038.

Már segist einfaldlega ekki skilja hvers vegna það þurfi þennan langa aðlögunartíma. „Það er í raun verið að lýsa yfir vantrausti á lífeyrissjóðina og halda því fram að þeir skilji ekki að ef útlæði í fjárfestingum sé að gera það að verkum að krónan sé að veikjast of mikið þá þurfi að bregðast við því. Ef sú staða kæmi upp þá myndu íslenskir lífeyrissjóðir að sjálfsgöðu hægja á sér.“

Már bætir við að það sé alls ekki æskilegt að hafa öll egginn í sömu körfunni. „Hvað áhættu varðar þá er alls ekki fýsilegt að hafa meginþorrann af fjárfestingum lífeyrissjóðanna innanlands. Árið 2008 upplifðum við ekki aðeins efnahagshrun, atvinnuleysi og þar fram eftir götunum heldur gerðist það líka að eignir fólks í lífeyrissjóðum



Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við HR.

MYND/HRINGBRAUT

”

Að mínu mati ætti að vera gólf en ekki þak á fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis.

lækkuðu í virði í stað þess að hækka í virði samhliða veikingu íslensku krónunnar þegar mest á reyndi.“

Aðspurður hvað væri eðlilegt hlutfall af fjárfestingum lífeyrissjóða erlendis segir Már að það sé í kringum 65 prósent eins og lagt er til í frumvarpsdrögnum. „Að mínu mati ætti að vera gólf en ekki þak á fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis.“ ■



Á höfuðborgarsvæðinu eru 5.149 íbúðir í byggingu eða 71 prósent af heildarfjölda íbúða í byggingu á landinu öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/ILHELM

Íbúðum í byggingu fjölgar

Aðalhafgræðingur hjá Samtökum iðnadarins segir það vera jákvætt að svo virðist sem íbúðum í byggingu sé að fjölga en þrátt fyrir það sé framboðsskortur enn til staðar.

magdalena@frettabladid.is

Í nýrri íbúðatalningu Samtaka iðnadarins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) kemur fram að framkvæmdir séu hafnar við byggingu 7.260 íbúða á landinu öllu en um er að ræða fjölgun frá síðustu talningu sem framkvæmd var í september síðastliðnum. Á höfuðborgarsvæðinu eru 5.149 íbúðir í byggingu eða 71 prósent af heildarfjölda íbúða í byggingu á landinu öllu. Í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins eru 1.456 íbúðir í byggingu eða 20 prósent af heild. Á öðrum landsvæðum eru 655 íbúðir í byggingu eða 9 prósent af heild.

Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur Samtaka iðnadarins, segir að þó svo það sé jákvætt að íbúðum í byggingu fari fjölgandi sé framboðsskortur enn til staðar. „Helstu niðurstæður í þessari nýju talningu eru þær að íbúðum í byggingu er að fjölga og þeim hefur fjölgað frá síðustu talningu okkar eða um 21 prósent. Það eru mjög jákvæð tíðindi en engu að síður er

”

Þessi skortur var farinn að sýna sig í talningu árið 2019 en það var ekkert brugðist við því á þeim tíma.



Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur Samtaka iðnadarins

sá framboðsskortur sem er nú til staðar á markaðnum ekki leystur með þessu,” segir hann og bætir við að margar af þessum íbúðum séu á fyrstu byggingarstigum og því sé eitthvað í að þær komi inn á markaðinn.

„Þó að við sjáum vöxt þá er hann ekki nægur til að mæta þörfinni en að mati HMS er þörf fyrir 3.500 til 4.000 nýjar íbúðir á ári. Við búumst við að á þessu ári komi um 2.500 íbúðir á markaðinn og 3.100 íbúðir á því næsta.“

Ingólfur segir að vandi íbúðamarkaðarins í dag sé fyrst og fremst framboðsskortur. „Það er þessi framboðsskortur sem knýr verðið upp og knýr líka verðbólguna upp. Seðlabankinn hefur brugðist við þessari stöðu með vaxtahækkun en það leysir ekki framboðsskortinn og þetta ójafnvægi.“

Ingólfur segir jafnframt að Samtök iðnadarins hafi bent á ójafnvægi á markaðnum árið 2019 en stjórnvöld hafi ekki brugðist við. „Þessi skortur var farinn að sýna sig í talningu árið 2019 en það var ekkert brugðist við því á þeim tíma. Staðan í dag er þannig að við þurfum stöðuga húsnæðisuppyggingu sem mætir þörf og við þurfum að draga úr sveiflum á íbúðamarkaði. Til þess þurfum við að tryggja að það sé nægt lóðaframboð.“

Ingólfur segir að það þurfi þó að taka tillit til þess að staða sveitarfélaganna sé misjöfn þegar kemur að framboði á lóðum. „Staða sveitarfélaganna er misjöfn varðandi hvort þau geti brotið nýtt land eða ekki. En við þurfum að tryggja að fjölbreytt lóðaframboð sé í boði og síðan þarf skipulagsferlið að vera skjótvirkara. Við erum með alltof hægt ferli sem er of þungt í vöfum og hindrar að við getum með snöggum hætti leyst úr stöðunni sem er uppi á íbúðamarkaði nú. Ferlið er þungt og kostnaðarsamt og því þarf að breyta.“ ■



Menningarsjóður Gunnarsstofnunar
Gunnar Gunnarsson Culture Fund

auglýsir eftir umsóknum

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar hefur tvíþættan tilgang: að renna stoðum undir starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri með árlegum framlögum; og að styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka er samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að árið 2022 verði áhersla lögð á:

- List- og miðunarverkefni sem tengjast austfirskum menningararfi.
- Verkefni tengd ritverkum og ævi Gunnars Gunnarssonar.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 5. maí 2022. Umsóknum ásamt fylgiskjöllum skal skila rafrænt á menningarsjodur@skriduklaustur.is.

Hægt er að nálgast úthlutunarreglur og umsóknareyðublað á www.skriduklaustur.is/gunnarsstofnun auk frekari upplýsinga um sjóðinn.

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Með veggjum



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Það er einkennandi fyrir ólíkt geðslag stjórnarflokkanna, einkum þó Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks, hve hinn fyrrnefndi nýtur sín skást þegar leysa þarf aðsteðjandi þjóðfélagslegan vanda en hversu hroðalega hinum síðarnefnda leiðast vandamál almennt. Þannig fagna Sjálfstæðismenn því ógurlega að faraldurinn sé á meintu undanhaldi, vor sé í lofti og tímabært að rífa fram grillið og hvítvinið. Græða á daginn og flippa bönkum á kvöldin. Vinstri græn voru hins vegar á heimavelli þegar Covid stóð sem hæst og landsmenn voru lokaðir inni og þurftu að taka tilsögn. Nú er gríma faraldursins fallin og fátt við að vera annað en að svara fyrir rasisma og grillveislur samstarfsflokkanna.

Sú mynd sem blasir við landsmönnum af stjórnarheimilinu er þannig vorlegt sprikla ráðherra Sjálfstæðisflokksins sem hafa í nógu að snúast við að gera vini sína ríkari, á meðan enn ríkir vetur hjá ráðherrum Vinstri grænna, sem drógu stutt og sölnuð strá við myndun stjórnar á ísköldu hausti og hafa ekkert spennandi að fast við annað en heimiliserjur.

Enginn endir virðist í sjónmáli á þessari ógleði Vinstri grænna, sem hefur nú smitast yfir í allt þingliðið. Þingfólk flokksins er nú komið í hlutverk almannatengla fyrir ráðherra samstarfsflokka sinna, hlutskipti ríkisstjórnarflokka sem oft vill gleymast þegar stjórnir eru myndaðar.

Þeirra eina huggun er hve hneykslismálin eru gjörn á að dúkka upp rétt fyrir þinghlé, sem breiðir helgiblæju yfir áhlaup stjórnarandstæðinga í þinginu og leggur þau til hvíldar í fannhvítum skiðabrekkum þar sem kjósendur bruna og sviga yfir þau um páskana. Að loknum páskum má þæfa það litla sem ekki fennti yfir þar til ríkisendurskoðun hefur lokið úttekt sinni löngu eftir uppstigningardag, en þá verða landsmenn komnir á ströndina.

En hvers virði er að vera í ríkisstjórn sem gefur ekkert annað af sér en siendurtekin til efni til að fara með veggjum?

Frá því að samkomutakmörkunum var aflétt, og í raun allt frá kosningum síðasta haust, ber ríkisstjórnin æ fleiri einkenni minnihlutastjórnar sem Vinstri græn standa utan við en hafa tekið að sér að verja falli. Andstætt venjum um slíkt stjórnarform virðist hreyfingin vinna þetta starf sitt algerlega kauplaust, án sýnilegs markmiðs eða tilgangs og án þess að fá nokkurn skapaðan hlut fyrir snúð sinn eða fólksins í landinu. ■

Halldór



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Nei, takk

Blóðbankinn hefur sent ákall til blóðgjafa um að bóka tíma enda er bankinn nánast uppiskroppa með blóð. Ekki eru þó allir velkomnir. Samkynhneigðir mega ekki koma. Það er alveg bannað. Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs ætlaði að skoða löggjöfina en Panamaskjölin komu honum frá. Óttarr Proppé ætlaði að gera eitthvað í málinu en barnaniðsmál komu í veg fyrir það. Svandís Svavarsdóttir tók við keflinu og ekkert gerðist þrátt fyrir gefin loforð. Faraldurinn hélt henni upptekinni. Sitjandi heilbrigðisráðherra Willum Þór Þórsson má heldur ekkert vera að þessu, hann er að berjast gegn helstu ógn samtímans, bragðbættu tóbaki.

Lífið eða dauði

Í tilkynningu frá bankanum kom fram að í þessari viku og næstu séu fáir dagar til heilblóðssöfnunar og biðlaði bankinn til allra þeirra blóðgjafa sem eru frískir um að koma og gefa blóð. Bara svo framrlega sem þeir séu ekki samkynhneigðir. Hver blóðgjafi getur bjargað lífi allt að þriggja einstaklinga, segir í tilkynningunni. Einhvern veginn er hægt að ímynda sér að fólk sem lendir í slysi vilji frekar lifa en deyja – bara af því samkynhneigðir mega ekki gefa blóð. ■

Gjaldfrjáls skólaganga



Ólafur Þór
Gunnarsson
oddviti Vinstri
grænna í Kópavogi

Á hverju hausti er eftirvænting og tilhlökkun í hugum sex ára barna eftir að fá að byrja í grunnskóla. En á sama tíma fyllast foreldrar sumra þeirra kvíða og áhyggjum yfir þeim kostnaði sem af muni hljóta. Því þó skólaganga eigi að vera gjaldfrjáls, og okkur þyki öllum sjálfsagt að börn hafi jafnan aðgang að menntun og skólakerfinu, er raunin því miður ekki sú. Þessu þurfum við að breyta.

Yfir hálf milljón á ári

Í Kópavogi þarf þar með tvö börn í 1. til 4. bekk grunnskóla, sem bæði eru í frístund og hádegismat í skólanum, að borga yfir 51 þúsund á mánuði fyrir skólagöngu barnanna sinna ef viðvera í frístund er að jafnaði tveir tímar á dag.

Einstæð foreldri, námsmenn og öryrkjar borga rúmlega 44 þúsund fyrir sömu þjónustu. Kostnaðurinn er breytilegur eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og systkinaafslættir mismunandi, en alls staðar er einhver kostnaður. Við það bætist oft kostnaður vegna ferða og skemmtana utan skólatíma, mismikill eftir skólum og aldri barnanna.

Meðalfjölskylda getur því hæglega þurft að greiða yfir hálf milljón á ári með skólagöngu barna sinna.

Gjaldfrjáls svæði

Auðvitað kostar peninga að veita þessa þjónustu, en sveitarfélög eiga að hafa metnað til að gera skólana gjaldfrjálsa.

Allt er þetta spurning um forgang, en við getum búið svo um hnútana að barnafjölskyldur séu í skjóli fyrir gjalddöku í skólanum. Það kann að vera að það þurfi að breyta þessu í áföngum, en það er mikilvægt að taka strax ákvörðun um að stefna í þessa átt. Þannig jöfnum við aðstöðu barnanna og gerum öllum börnum kleift að taka eins fullan þátt í daglegu starfi skólans síns og þau vilja og geta.

Við Vinstri græn viljum að skólinn sé gjaldfrjálst svæði. ■

Hvers virði er að vera í ríkisstjórn sem gefur ekkert annað af sér en siendurtekin til efni til að fara með veggjum?



Stöðugleiki spillingarinnar



Jóhann Hauksson
fyrirverandi blaðamaður

Eins og komið er afleitem vinnubrögðum og jafnvel lögbrotum við sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka er lágmarkskrafta að þingflokkur Vinstri grænna með Katrínu Jakobsdóttur í fararbroddi styðji kröfur á Alþingi um að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd á vegum þingsins til að fara ofan í kjölinn á málinu. Katrín skuldar kjósendum VG að hafa ásýnd ríkisstjórnar sinnar eins óspillta og kostur er úr því hún hefur kosið að styðja þennan sérhagsmunagæsluflokk til valda. Vel færi líka á því að bæta stöðu þingsins með því að verkstjóri ríkisstjórnarinnar vísi málinu þangað og skiptir engu hvort það yrði í þökk eða óþökk Bjarna Benediktssonar sem ber ábyrgð á bankasölunni og talar fyrir henni pólitískt. Eiginlega er þetta sjálfsagður hlutur.

Katrín skuldar kjósendum sínum Ástæðuna fyrir því að Katrín skuldar kjósendum VG að spyrna við fæti gagnvart samstarfsflokknum má rekja aftur til ársins 2017 þegar VG undir forystu hennar kaus að styðja Sjálfstæðisflokkinn til valda þrátt fyrir áralanga sögu hneyksla, spillingarmála, yfiringangs og sérhagsmunagæslu. Það ár sagði Drífa Snædal, forseti ASÍ, sig úr VG eftir 18 ára flokksaðild þegar Katrín kaus að mynda ríkisstjórn með höfuðóvininum. Opinberlega sagði Drífa m.a. eftirfarandi:

„Við munum ekki breyta Sjálfstæðisflokknum. Innviðir hans eru spilltir og fullir kvenfyrirlitningar og að halda að við breytum honum er meðvirkni í hæsta máta. Sjálfstæðismenn munu fagna stjórnarsáttmála, fara inn í sín ráðuneyti og haga sér nákvæmlega eins og þessi valdastofnun hefur alltaf hagað sér. Við og við vellur gröfturinn upp í formi frændhygli, innherja viðskipta, skattaskjóla, auðvaldsdekurs, útlendingaandúðar eða skjaldborgar um ofbeldismenn. Þá verður VG í þeirri stöðu að verja samstarfsflokkinn og mörkin munu sífellt færast til í samstarfinu líkt og í ofbeldissambandi. Þetta verður eins og að éta skít í heilt kjörtímabil, ef stjórnin endist svo lengi. Með ákvörðuninni um stjórnarviðræður setti flokkinn niður, trúverðugleikinn laskaðist verulega og vinstrið á Íslandi mun eiga erfitt uppdráttar næstu árin og áratugina. Ef við lítum til langs tíma er það miklu farsælla fyrir okkar málstað að vera í stjórnarandstöðu heldur en ríkisstjórn, jafnvel þó það þýði verstu ríkisstjórn allra tíma til skamms tíma. Ég er döpur og reið en eftir mikla umhugsun þá er mér ómöglegt að taka þátt í þessari vegferð með flokknum sem ég hef verið félagi í í átján ár.“

Drífa reyndist sannspá. Allt of sannspá. Ekki síst um skaðvænleg áhrif á vinstristjórnsmál heillar þjóðar sem endanlega er nú viðskila við menningu jafnaðarstjórnsmála á Norðurlöndum.

Undir hæl feðganna

Þetta sama ár slitnaði upp úr stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar vegna launungar feðganna Bjarna og Benedikts Sveinssonar þegar ofbeldismanni í vinahóp Benedikts var veitt uppreist æru. Þetta þótti Vinstri grænum óþolandi af hálfu Bjarna og Sigríðar Andersen, þáverandi dómsmálaráðherra, enda

var málinu leynt lengi vel fyrir samstarfsflokkum.

En skömmu síðar leiddi Katrín Sjálfstæðisflokkinn og Bjarna til valda í ríkisstjórn. Fimm árum síðar leggur hún æru sína að veði fyrir þessa sömu feðga, nú í subbulegum bankasöluæfingum sem Bjarni ber ábyrgð á.

Rannsóknarnefnd

Ekki er ósennilegt í ljósi gagnrýni

Lilju Alfreðsdóttur viðskiptaráðherra á bankasöluna að hún og fleiri í þingflokki Framsóknarflokksins styðji skipan rannsóknarnefndar. (Meðferð þings á viðlíka málum væri sjálfgefinn hlutur annars staðar á Norðurlöndum.) Enda þarf það ekki að hafa neina þýðingu eða mikilvægi þótt Katrín hafi bent á að Lilja hafi ekki gert neinar skriflegar athugasemdir við bankasöluna. Hún kann að hafa gert munnlegar

athugasemdir sem hafa líka vægi. Og þá stendur sú gagnrýni einfaldlega.

Einhverjar réttlætningar VG fyrir stjórnarsetu með Sjálfstæðisflokknum voru á þá leið að nú þyrfti að tryggja stöðugleika. Auk heldur myndi VG taka að sér að vera á bremsunum gagnvart yfiringangi og sérhagsmunagæslu Sjálfstæðisflokksins. „Haltu vinum þínum nálægt þér en óvinum þínum enn nær.“

Reyndin nú er sú að stöðugleikinn reynist vera stöðugt aðgerðarleysi og stöðugleiki spillingar og sérhagsmunapots. Bremsukerfi VG er bilað og formaðurinn ver Bjarna sinn.

Það er óþarfi og barnaskapur og Katrín myndi auka pólitíska vigt sína með því að stunda heilbrigð vinnubrögð. Til dæmis með því að stuðla að rannsókn á bankasölu Bjarna á vegum Alþingis. ■

OPNUNARTÍMI UM PÁSKA OG SÍÐASTA VETRARDAG

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu,
Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ

MIÐVIKUDAGUR 13. APRÍL	11-19
<i>Dalvegur, Skeifan og Skútuvogur</i>	10-20
SKÍRDAGUR 14. APRÍL	LOKAÐ
FÖSTUDAGURINN LANGI 15. APRÍL	LOKAÐ
LAUGARDAGUR 16. APRÍL	11-18
PÁSKADAGUR 17. APRÍL	LOKAÐ
ANNAR Í PÁSKUM 18. APRÍL	LOKAÐ
ÞRIÐJUDAGUR 19. APRÍL	11-18
<i>Dalvegur, Skeifan og Skútuvogur</i>	10-20
MIÐVIKUDAGUR 20. APRÍL	11-19
<i>Dalvegur, Skeifan og Skútuvogur</i>	10-20
SUMARDAGURINN FYRSTI 21. APRÍL	LOKAÐ

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

Páskaopnun allra Vínbúða á vinbudin.is





HAGKAUP

Vegan er
ekkert vesen



Ella Stína
Sveppa Wellington

5.499 kr/stk



Hátíðar
Neat-Loaf

3.799 kr/stk



Jömm Oumph!
Wellington

1.799 kr/stk



Villisveppasósa

979 kr/stk



Graskerssalat

979 kr/pk



Brokkolísalat

979 kr/pk



HAGKAUP
Smjörspautað
kalkúnaskip



HAGKAUP

Smjörspautað kalkúnaskip

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við sérframleiða smjörspautað kalkúnaskip samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Kalkúnaskipið er unnið úr fyrsta flokks hráefni sem tryggir hámarks gæði.



**Tilbúin
kalkúnasósa**

599 kr/stk



Hagkaups hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum til að tryggja hámarks gæði. Hryggurinn er léttsaltaður og léttreyktur sem skilar sér í einfaldari eldun. Hrygginn þarf því ekki að forsjóða heldur einungis að elda í ofni.



Veislulæri Hagkaups

Marinerað og kryddað með ferskum kryddjurtum: Sítrónuberki, hvítlauk, kóriander, salvíu, majoran, steinselju, oregano og rósmarín.

Það er pressa að fara út að ganga með hundinn

Þrátt fyrir að hafa fengið tvo stærstu bitana á leikmanna-markaðnum er Valsmönnum spáð 3. sæti í Bestu deild karla í árlegri spá deildarinnar. Heimir Guðjónsson, þjálfari liðsins, segir ekkert launungarmál að Valsmenn stefni hærra en segir að það séu mörg lið með augun á titlinum.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Þetta er ekki eins og við viljum hafa það, við ætlum okkur að keppa um titilinn og við ætlum okkur að vera nær þessu en spáin gefur til kynna,“ segir Heimir Guðjónsson, þjálfari Vals, spurður út í spá fyrirliða, formanna og þjálfara fyrir Bestu deild karla sem var birt í gær. Tímabilið hefst í næstu viku. Er mikil eftirvænting fyrir mótnu enda keppt eftir breyttu móta-fyrirkomulagi í fyrsta sinn og fimm leikir til viðbótar fyrir hvert lið.

Valur mætir til leiks með talsvert breytt lið á þriðja tímabili Heimis eftir vonbrigðatímabil síðasta árs þar sem Valsmönnum fataðist flugið þegar liða tók á sumarið og leiðin lá hratt niður á við.

„Breiðablik og Víkingur voru í tveimur efstu sætunum í fyrra og bæði hafa gefið það út að þau ætli sér að vinna titilinn þetta árið, þannig að það er ekkert óeðlilegt við þessa spá.“

Heimir tekur undir að það sé langt síðan jafn mörg lið ætluðu sér að berjast um titilinn.

„Ég er sammála því og get ekki beðið eftir því að þetta byrji. Ég man varla eftir því að það hafi verið jafn mörg lið sem hafa verið líkleg til að vinna deildina sem er jákvætt fyrir íslenska boltann.“

Það eru mörg lið um hituna og margir sterkir leikmannahópar. Það eru ekki bara þessi fimm lið sem eru í örlitlum sérflokki í þessari spá því það er alveg hægt að fara neðar. Næstu lið eru Stjarnan og KA, tvö hörkulið, og KA rétt missti af þriðja sæti á síðasta ári,“ segir Heimir sem tekur undir að það sé pressa á mörgum liðum í aðdraganda tímabilsins, meðal annars Val.

„Auðvitað er pressa á okkur eins og öllum liðum deildarinnar. Það er mikil pressa á Víkingi, Breiðabliki,



Heimir er að hefja þriðja tímabil sitt með Valsliðið. Það fyrsta var flautað af vegna heimsfaraldursins en Valsliðið olli vonbrigðum í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Spá Bestu deildar karla

1. Víkingur R.	367 stig
2. Breiðablik	364 stig
3. Valur	334 stig
4. KR	316 stig
5. FH	299 stig
6. Stjarnan	223 stig
7. KA	207 stig
8. Leiknir R.	160 stig
9. ÍA	120 stig
10. ÍBV	112 stig
11. Keflavík	82 stig
12. Fram	68 stig

KR og FH og það er almennt pressa á manni í lífinu, jafnvel þegar maður fer út með hundinn. Það er áskorun að takast á við þessa pressu og að sjálfsgöðu viljum við gera betur en

í fyrra þegar tímabilið endaði illa. Áskorunin er að gera betur í ár.“

Valsmenn hafa átt misjöfnu gengi að fagna það sem af er undirbúningstímabili. Félagið náldi í tvo stærstu bita félagsskiptamarkaðarins í Hólmari Erni Eyjólfsyni og Aroni Jóhannessyni og eru með þrjá í leikmannahópnum sínum sem hafa verið í leikmannahópum í lokakeppni HM.

„Auðvitað tekur það tíma að móta liðið þegar stórar breytingar eiga sér stað á leikmannahópnum. Við erum að gefa þessu tíma og nóg af leikjum en að mínu mati erum við komnir ágætlega langt með það.“

Þetta undirbúningstímabil hefur verið upp og ofan, eins og oftast er á þessum árstíma en á sama tíma erum við líka að reyna að gefa öllum leikmönnum mínútur til að vera



Auðvitað er pressa á okkur, eins og öllum öðrum liðum deildarinnar.

Heimir Guðjónsson, þjálfari Vals

betur undirbúinir ef áföll koma upp í upphafi móts. Þá er gott að hafa stóran hóp kláran,“ segir Heimir og heldur áfram:

„Þessi æfingaferð sem við förum í reyndist vel. Við náðum að þjappa hópinn vel saman og náðum að æfa ákveðna hluti sem er betra að fara í þegar veðrið er gott heldur en strekkingsvindur.“

Talsverð eftirvænting er eftir því að sjá hvernig Aron Jóhannsson kemur inn í mótið, tólf árum eftir að hann skoraði tólf mörk í átján leikjum í næstefstu deild og fór út í atvinnumennsku sem spannaði ellefu ár.

„Aron er allur að koma til og verður sífellt betri með hverri æfingu. Hann er ekki alveg orðinn hundrað prósent, gefum honum þann tíma sem hann þarf.“ ■

Frábær sigur kom Íslandi í lykilstöðu

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið steig stórt skref í átt að því að komast í lokakeppni HM í fyrsta sinn með 1-0 sigri á Tékkum ytra í gær. Stelpurnar okkar eru með örlögin í eigin höndum fyrir loka-leikina gegn Hvít-Rússum og Hollendingum og er Ísland í færi á að ferðast til Hollands með það í far-teskinu að jafntefli færir Íslandi sæti á HM 2023 sem fer fram í Ástralíu og Nýja-Sjálandi á næsta ári.

Ljóst var að Ísland kæmist áfram í umspilið með jafntefli eða sigri í gær. Á sama tíma voru Tékkar að berjast fyrir lífi sínu í riðlinum. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir skoraði eina mark leiksins um miðjan fyrri hálfleik en í endursýningu virtist boltinn fara af hendi Gunnhildar og í netið. Undir lok leiksins virtust Tékkar skora jöfnunarmark en dómari leiksins var Íslandi aftur hliðhollur og flautaði markið af þrátt fyrir kröftug mótmæli Tékkar.

„Við höfum alltaf talað um að við ætlum að vinna riðilinn og koma okkur beint á HM. Í kvöld fögnuðum við þessum þremur stigum,



Gunnhildur skoraði eina mark leiksins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

fyrsta sigri Íslands á Tékkum á úti-velli og flottum þremur stigum. Nú erum við komin í þá stöðu að fjögur stig í haust koma okkur inn á HM, sama hvort það verður sigur gegn Hollandi eða Hvít-Rússum og fyrsta verkefnið er að vinna leikinn gegn Hvít-Rússum,“ segir Þorsteinn Halldórsson, þjálfari kvennalandsliðsins, aðspurður hvernig tilfinningin hafi verið að heyra loka-flautið þegar ljóst var að Ísland væri öruggt með sæti í umspilinu, hið minnsta. ■



Gildi-lífeyrissjóður

Ársfundur 2022

Grand Hótel Reykjavík,
fimmtudaginn 28. apríl kl. 17:00

Dagskrá:

- Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
- Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Við bjóðum sjóðfélaga velkomna á fundinn.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.



Lífeyrissjóður

www.gildi.is



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 13. apríl 2022

KYNNINGARBLAÐ



Luke Starkey lútuleikari og Anna Vala Ólafsdóttir altsöngkona koma fram á hádegistónleikum í dag.

MYND/ADSEND

Menning á miðvikudögum

starri@frettabladid.is

Anna Vala Ólafsdóttir altsöngkona og Luke Starkey lútuleikari koma fram á hádegistónleikum í Salnum í dag, miðvikudaginn 13. apríl.

Tónleikarnir eru liður í viðburðaröðinni Menning á miðvikudögum sem fram fer á miðvikudögum klukkan 12.15 en viðburðirnir eru haldnir á víxl í Gerðarsafni, Bókasafni Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Salnum. Aðgangur á viðburði er ókeypis og öll velkomin.

Á efnisskránni í dag má finna einstakar perlur frá valdatíma Elísabetar I, sem var drottning Englands og Írlands frá árinu 1558 til dauðadags. Um leið gefst tónleikagestum einstakt tækifæri til að hlýða á lútu, sem er hljóðfæri sem hljómar ekki svo oft á Íslandi.

Anna Vala Ólafsdóttir, alt, og Luke Starkey, lúta, theorbo og rómantískur gítar, hafa komið fram sem dúó síðan 2018. Þau flytja tónlist frá endurreisnar- og barokktímabilinu ásamt rómantískri tónlist og nútímatónlist. Þau hafa komið saman fram á tónleikum í Bretlandi, Hollandi og á Íslandi.

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar styrkir Menningu á miðvikudögum. Nánari upplýsingar á menningar-husin.kopavogur.is. ■

 **TARAMAR**

Endurmótaðu húðina með lífvirkum efnum úr náttúru Íslands



Tuttugu alþjóðleg verðlaun



Landsliðskonan Lovisa Thompson hefur tekið Joint Rewind frá Feel Iceland í nokkra mánuði og segir það hafa hjálpað mikið til við verk í hásinum við hlaup.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Getur nú hlaupið án verkja

Lovisa Thompson, landsliðskona í handbolta, átti í stökustu vandræðum með verk í hásinum í byrjun ársins 2021. Eftir að hún byrjaði að taka inn Joint Rewind frá Feel Iceland er verkurinn nánast horfinn og hún á mun auðveldara með útihlaupin. **2**



Lovisa Thompson í leik Íslands gegn Danmörku í undankeppni EM í handbolta árið 2017.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Lovisa Thompson, sem verður 23 ára í október, byrjaði að æfa handbolta níu ára gömul. „Ég byrjaði svo að æfa með meistaraflokki frá þrettán ára aldri og keppa með þeim í kjölfarið. Handboltinn er risastór partur af mínu lífi og íþróttin er mjög skemmtileg og gefandi. En það koma auðvitað tímar þegar sportið gefur ekki eins mikið,“ segir Lovisa.

Tók sér pásu
Það vakti athygli í fjölmiðlum þegar Lovisa tók sér pásu frá handboltanum í október síðastliðnum. „Í pásunni stundaði ég CrossFit af kappi. Ég er mikill orkubolti og þarf mikla hreyfingu sem ég fæ meðal annars úr sundi og göngum ásamt CrossFit og handbolta. Núna þegar ég er byrjuð aftur í handboltanum fer ég stundum líka í CrossFit sem styrktaræfingu.

Ég sé fram á að stunda handboltann áfram um ókomna tíð. Þegar ég kom til baka, þá kom ég inn á nýjum forsendum. Ég er nú rölegri og meðvitaðri um ýmsa þætti hjá sjálfri mér. Handboltinn er ekki lengur kvöð heldur skemmtilegur. Ég sé íþróttina í nýju ljósi og kann betur á sjálfa mig. Ég veit núna hvernær ég er búin að fá nóg og stjórna álaginu mun betur núna en ég gerði áður.“

Gigantískur munur
Lovisa mætti aftur á völinn í janúar á þessu ári eftir endurnærandi pásu en ásamt því að læra um samband sitt við boltann lærði hún á líkamann í leiðinni. „Í faraldrinum vorum við mikið að taka æfingar úti og mikið var um útihlaup. Alveg frá fyrriparti árs 2021 hafði ég fundið mikið til í hásin-



Lovisa segir Joint Rewind passa vel inn í vítamínkokteilinn á morgnana.

Ég passa svo alltaf upp á vítamínskammtinn, og sérstaklega Joint Rewind, ef ég er að æfa mikið fyrir keppnir. Það er svo ótrúlega mikilvægt fyrir mig að geta hlaupið án verkja.

Lovisa Thompson

unum. Ég fékk mjög skarpan sting í hásinarnar og það var helsárt að hlaupa. Síðasta sumar benti sjúkraþjálfarinn mér á að prófa að taka inn Joint Rewind frá Feel Iceland sem hefði góð áhrif á liðina og gæti hjálpa til við hásinarnar.“

Joint Rewind frá Feel Iceland er sérstök blanda fæðubótarefna fyrir liðina. Joint Rewind inniheldur chondroitin sulfate og kollagen sem unnið er úr íslensku fiskiroði. Kollagen er eitt aðaluppbyggingarprótein líkamans og getur hjálpað til við að minnka verki í liðum og stuðlað að heilbrigði þeirra.

„Það tók kannski mánuð og þá var verkurinn nær farinn. Ég fann alveg gigantískan mun á mér. Ég finn núna að ef ég tek hlé frá því að taka inn Joint Rewind frá Feel Iceland, sem ég og gerði þegar ég tók pásu frá handboltanum, þá er stingurinn í hásinunum fljótur að koma aftur. Ég vakna með morgunverki og þarf að teygja á öllum liðum og sinum í líkamanum og



taka göngu til að hita upp fyrir daginn. Núna er ég byrjuð aftur að taka inn Joint Rewind og finn strax að ég þarf ekki að leggja eins mikið á mig til að koma mér í gang á morgnana.“

Góður kokteill
„Ásamt Joint Rewind frá Feel Iceland tek ég einnig Amino Marine kollagen frá sama framleiðanda sem ég nota eins og próteinduft og set út í hafragautinn eða bústið á morgnana. Einnig tek ég D-vítamín, Lýsi og ómega-fitusýrur alltaf á morgnana. Ég finn að þetta er góður kokteill fyrir mig og gerir mér kleift að funkera á ferðalögum og dagsdaglega. Ég passa svo alltaf upp á vítamínskammtinn, og sérstaklega Joint Rewind, ef ég er að æfa mikið fyrir keppnir. Það er svo ótrúlega mikilvægt fyrir mig að geta hlaupið án verkja.

Ég held að fólk, og sérstaklega íþróttafólk, þurfi að hugsa mjög vel um hvað það setur ofan í sig. Fólk

verður að prófa sig áfram og finna það sem hentar því sjálfu. Til lengri tíma gæti til dæmis verið sniðugt fyrir annað íþróttafólk að prófa að taka inn Joint Rewind. Fyrir mitt leyti þá er það eitthvað sem hentar vel fyrir mig og hefur hjálpað mér mjög mikið í minni vegferð. Ég finn líka að neglurnar vaxa mun hraðar og húðin er líka miklu betri eftir að ég byrjaði að taka inn fæðubótar-efnin frá Feel Iceland. Þau gætu verið ástæðan, en svo veit maður svo sem aldrei 100 prósent hvað veldur hverju,“ segir Lovisa.

Hún bætir svo við að henni þyki gott að vita til þess að Feel Iceland vörurnar séu framleiddar úr fiskiroði úr hafinu við Íslandsstrendur. „Sú staðreynd gerir Feel Iceland enn betra í mínum huga. Öll þjónusta er persónulegri og ég er mikill aðdáandi íslenskrar framleiðslu og Feel Iceland vörumerkisins.“ ■

Feel Iceland vörurnar fást meðal annars á eftirtöldum stöðum: Lyfju, Heilsuhúsinu, Lyfjum og heilsu, Hagkaupum, Fjarðarkaupum, Apótekaranum, Friðhöfninni, Jurtaapótekinu og Nettó. Nánari upplýsingar á feeliceland.com.



Þverar Ísland með kraft rauðrófunnar að vopni

Kristinn Karl Dulaney hefur alltaf verið hrifinn af lækn-ingamætti náttúrunnar og er að eigin sögn alinn upp við notkun fjallagrasa. Síðustu tíu ár hefur Kristinn haft tröllatrú á krafti rauðrófa og segir hylkin frá ICEHERBS algera himnasendingu.

Kristinn segist alltaf hafa verið fjörmikill og hress og stundað mikið íþróttir. „Sem ungur maður var ég í handbolta og fótbolta, frjálsum, sundi og fleiru. Í dag geng ég mikið og hjóla og er að vinna í því að þvera Ísland. Ég veit nú ekki hvað ég er ekki búinn að ganga á Íslandi en meðal annars hef ég krossað Ísland frá Reykjanesi yfir á Langanes, og sömuleiðis frá Horni austur í Lón. Einnig hef ég hjólað mikið erlendis, meðal annars á Kúbu, í Perú, Víetnam og víðar. Þá hef ég hjólað Jakobsveginn og Noreg endilangan. Síðast gekk ég svo frá Dalvík innst inn í Eyjafjörð sem er hluti af því að þvera Ísland.“

Fær kraft úr rauðrófum

„Síðustu tíu ár hef ég haft tröllatrú á krafti rauðrófa. Rauðrófur eru stútfullar af vítamínum og fjörefnum sem gefa kraft og auka úthald og lífsgæði. Í fjölda ára hef ég keypt ferskar rauðrófur og búið til minn eigin safa sem ég tek inn í skotformi á hverjum einasta morgni með engiferi og sítrónu. Rauðrófur hafa vissulega fengist í safaformi í búðum en það hefur aldrei heillað mig. En þegar ég heyrði að íslenska fyrirtækið ICEHERBS væri að framleiða 100% náttúrulegt rauðrófuduft var ég ekki lengi að koma því inn í rútínuna mína. Íþróttafólk viðs vegar um heiminn hefur fundið hvað kraftur rauðrófunnar er mikill. Nú er ég



jafngamall lýðveldinu, eða 78 ára, og rauðrófurnar gefa mér orku og úthald til þess að stunda göngur og hjól eins og mig lystir og auka þannig lífsgæði mín. Það sem er svo hentugt við duftthylkin er að þau taka svo lítið pláss. Ef ég er að ferðast, gangandi eða hjólandi, þá er töluvert auðveldara að kippa þeim með sér heldur en mörgum líttrum af rauðrófusafa. Duftið virkar líka alveg jafn vel og safinn.“

Rauðrófuduft stuðlar að aukinni snerpu og blóðflæði

Rauðrófur eru þekktar fyrir að bæta súrefnisupptöku og auka blóðflæði. Með auknu blóðflæði eykst snerpa, orka og úthald og því hafa rauðrófur slegið í gegn á meðal íþróttafólks. Rauðrófur koma þér hraðar og lengra náttúrulega og eru því tilvaldar fyrir alla þá sem



Kristinn Karl Dulaney hefur nýtt sér kraft rauðrófunnar í tugir ára. Hann segir rauðrófuduftið frá ICEHERBS auka orku og úthald hjá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Rauðrófur eru alger ofurfæða, stútfullar af vítamínum, auka blóðflæði og úthald. Þá virka þær einnig sem náttúruleg kynörvun fyrir öll kyn.

Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögð er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýtist viðskiptavinum vel, að virknin skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögð á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og eru vörurnar framleiddar hér á landi. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Einnig hefur ICEHERBS opnað nýja vefverslun þar sem hægt er að panta bætiefnin: iceherbs.is

Hátíðleg páskaterta með karamellumöndluflögum

Albert Eiríksson matarbloggari og matgæðingur með meiru elskar að baka tertur. Ástríða hans liggur í tertubakstri og að koma gestum sínum á óvart með nýju bragði og samsetningum.

sjofn@frettabladid.is

Albert býr ásamt manni sínum Bergþóri Pálssyni á Ísafirði um þessar mundir og hefur Albert tileinkað sér hefðir og siði í matargerð og bakstri þar í bæ. „Ein af mörgum skemmtilegum hefðum á þessum bæ er að baka páskatertu ársins, páskaterturnar geta verið alls konar og ekki fylgt sérstakri stefnu eins og sjá má á bloggsíðu minni undir slóðinni Páskaterturnar.“

Kvennakórinn missti sig

Páskaterta ársins hjá Alberti er botn með vanillukremi, sítrónusmjöri og karamellumöndluflögum sem toppa tertuna. Albert segir að þessi hafi gert allt vitlaust og vinkonur hans í kvennakórnum hafi misst sig í tertulátunum. „Vinkonur mínar í Kvennakór Ísafjarðar fengu það hlutverk að smakka tvær tertur sem komu til greina sem Páskaterta ársins. Þessi sigraði, meðal þess sem sagt var um hana var eftirfarandi: Fékk í hnén... Kynörvandi... Sæt og góð og „crunchið“ í

möndluflögunum setur punktin yfir í-ið. Albert birtir hér uppskriftina sem gerði allt vitlaust hjá kvennakórnum. Nú er ekkert annað í stöðunni en að vinna sér í baksturinn og taka stöðuna á þessari hátíðlegu tertu sem sumum fannst vera kynörvandi.

Hátíðleg terta

2 egg
1 ½ dl sykur
100 g smjör, brætt
2 ½ dl hveiti
1 ½ tsk. lyftiduft
2 tsk. vanillusykur
½ tsk. salt
½ dl rjómi

Fylling

Vanillukrem eða Royal vanillubúðingur
⅓ dl sítrónusmjör (sjá uppskrift hér aftar)

Ofan á

100 g smjör
1 dl sykur
1 msk. síróp
2 msk. rjómi
100 g möndluflögur

Botn

Byrjið á því að hita ofninn í 175°C hita. Hrærið saman egg og sykur. Bætið við smjöri og síðan hveiti, lyftidufti, vanillusykri, salti og rjóma. Setjið deigið í kringlótt

form og bakið í um það bil 20 mínútur.

Vanillukrem

5 eggjarauður
½ bolli sykur
1,5 dl rjómi
1 msk. vanilluextrakt
250 g lint smjör

Setjið eggjarauður, sykur, rjóma og vanillu í pott og sjóðið í nokkrar mínútur.

Hrærið stöðugt í svo ekki brenni. Takið pottinn af eldavélinni, bætið smjörinu við og þeytið vel saman við. Látið kólna.

Kremið sem þið sjáið á myndinni inniheldur 3 desilítra af léttþeyttum rjóma og 1 pakka Royal vanillubúðing.

Karamellan ofan á

Bræðið saman í potti smjör, sykur, síróp og rjóma þangað til er orðið ljósbrúnt, setjið að síðustu möndluflögur út í. Skerið botninn í tvennt. Setjið vanillukremið á milli, sítrónusmjör ofan á og loks botninn þar ofan á. Hellið volgu karamellumöndlunum yfir.

Lemon Curd – sítrónusmjör

4 stór egg
1 ½ bolli sykur
1 bolli ferskur sítrónusafi
175 g smjör
1 msk. rifinn sítrónubörkur
½ tsk. salt
Gulur matarlitur



Albert Eiríks hefur það fyrir sið að koma með nýja páskatertu árlega. Hér sviptir hann hulunni af páskatertu ársins 2022.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON



Þeytið vel saman í hrærivél egg og sykur. Bræðið smjör í potti, hellið eggjahrærunni saman við og loks sítrónusafa, berki, salti og matarlit. Sjóðið við lágan hita, þeytið stans-

laust í 10 mínútur. Hellið strax í gegnum fint sigti í skál, kælið og setjið á krukkur með loki – skrúfið lokið strax á. Njótið vel og gleðilega páska. ■

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggitur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

**Kassagítarar
á tilboði**

**Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali**
Verð við allra hæfi

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



S A F T

Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is
**Opið mán - fös 11-15,
Skipholt 27, 105**

Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsa

Heilsuvörur

**gott
cbd.is**



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

**gott
cbd.is**




GRINDAVÍKURBÆR

**Breyting á Aðalskipulagi
Grindavíkur 2018-2032**

Grindavíkurbær auglýsir í samræmi við 31.gr. skipulagslaga
nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur-
bæjar 2018-2032 vegna:

- Nýtt hreinsivirki og frárennislögn, göngu- og
reiðhjólástígar og stækkun golfvallar í Grindavík.

Kynningargögn vegna skipulagstillögunnar má finna á
heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is, og í af-
greiðslu á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut
62 (2.hæð) frá kl. 8:00 til 15:00 á þriðjudögum og fimmtudög-
um og frá kl. 9:30 til 15:00 á mánudögum, miðvikudögum og
föstudögum. Eru þeir sem hafa hagsmuna að gæta hvattir
til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar
skal senda skriflega á netfangið atligeir@grindavik.is eða til
Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eigi síðar
30. júní 2022.

*f.h. bæjarstjórnar Grindavíkur
Atli Geir Júlíusson, skipulagsfulltrúi*


**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

**Auglýsing um skipulagsmál
í Sveitarfélaginu Árborg**

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst
eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi.

1. Deiliskipulag Heiðarbrún 6-6b
Bæjarstjórn Árborgar samþykki á fundi sínum 4. apríl
2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu að Heiðarbrún 6-6b
Stokkseyri. Deiliskipulagstillagan geri ráð fyrir að lóðin
Heiðarbrún 6, sem er 852m2 að stærð yrði parhúsaloð (6-
6b), og og að heimilt yrði að byggja parhús með stakstæðum
eða sambyggðum bílskúr. Húsin yrðu á einni hæð með risi.
Hámarksvegghæð allt að 3,5m og mænishæð allt að 6,5m.
Nýtingarhlutfall allt að 0,5.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting liggur frammi til
kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67,
Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu
Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillagan er auglýst með athugasemdafresti frá **13.04.2022**
til og með **25.05.2022**. Hverjum þeim sem telur sig eiga
hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir
við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til
25.05.2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrif-
stofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða
netfangið skipulag@arborg.is

*Virðingarfyllst,
Anton Kári Halldórsson
skipulagsfulltrúi*

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • S: 552-9940

**Stærðir:
270cm-500cm**

**Verð frá:
149.000.kr**



**Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is**


**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

Skipulagsauglýsing

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst
tillaga að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagastrandar
2019-2035.

Tillagan verður verður til sýnis á heimasíðu sveitarfélag-
sins að Túnbraut 1-3 frá og með 13. apríl til og með 26. maí
2022. Tillagan er einnig aðgengileg hér:

- Greinargerð, forsendur og umhverfismatsskýrsla
- Sveitarfélagsuppráttur
- Þéttbýlisuppráttur Skagaströnd

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með
gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur
til að skila inn athugasemdum er til og með **26. maí 2022**.
Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu
sveitarfélagsins, Túnbraut 1-3, 545 Skagaströnd eða á net-
fangið skagastrond@skagastrond.is, merkt endurskoðun
aðalskipulags.

*Virðingarfyllst
Sveitarstjóri Skagastrandar*

Íbúafundur



**Óseyrarhverfi - breytt
deiliskipulag**

Haldinn verður opinn íbúafundur þar sem
drög að deiliskipulagi Óseyrarhverfis við
Suðurbönd verða kynnt.

Fundurinn verður haldinn að Norðurböndu
2, 221 Hafnarfirði, þriðjudaginn **19.04.22**
kl. **16:30 – 18:00**. Skipulagshöfundar
kynna. Að lokinni kynningu verða
umræður og hægt að koma ábendingum
og athugasemdum á famfæri.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu
sem samræmist aðalskipulagsbreytingu
sem nú er auglýst og kynnt til 27.04.22 á
hfj.is/skipulag

Nánar á:
hafnarfjordur.is




Vortilboð



**Innifalið: Steinar úr granít
Gráir, svartir eða paradiso litur
(sjá heimasíðu)**

**Grafskrift og skrautmynd (efst)
Ledljós fylgja lugtum**

**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og
Norðurlandi fylgir eða
frí sending um allt land
Geymum steina ef óskað er**

Tilboð 1



Verð:

Sett eins og á mynd : 620.000

Sett án blómaramma : 520.000

Tilboð 2



Verð:

Sett eins og á mynd : 545.000

Sett án blómaramma : 445.000

Tilboð 3



Hægt að setja 2 nöfn

Verð:

Sett eins og á mynd : 420.000

Án blómaramma : 320.000

Tilboð 4



Verð:

Sett eins og á mynd : 225.000

Steinn án aukahluta : 175.000

Tilboð 5



Verð:

Sett eins og á mynd : 225.000

Steinn án aukahluta : 175.000

Þetta gerðist 13. apríl 1940

Bretar hernema Færeyjar

Þann 9. apríl 1940 var Danmörk hernumin af Þjóðverjum. Tveimur dögum síðar tilkynnti Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands, á þinginu að Færeyjar skyldu hernumdar þar sem landfræðileg staðsetning þeirra væri afar mikilvæg.



12. apríl sigldu tvö bresk herskip til Þórshafnar og degi síðar eitt til viðbótar. Breskur ofursti og annar embættismaður mættu til fundar við hreppstjóra Dana í Færeyjum. Þrátt fyrir mótbárur frá þinginu voru skilmálar Breta samþykktir á þeim grundvelli að Bretland myndi ekki leitast við að hafa afskipti af innanríkismálum eyjanna.

Í styrjöldinni urðu Færeyjar fyrir einstaka árásum þýska flughersins en urðu aldrei fyrir barðinu á meiri háttar innrás. Efnahagur Færeyinga batnaði mjög í stríðinu vegna fisk-sölu til Bretlands og sigldu þeir þá undir eigin fána en ekki Dana, sem þeir höfðu ekki getað áður. ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Klara Guðmundsdóttir

áður til heimilis að Hverfisgötu 45, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hraunvangi sunnudaginn 10. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 28. apríl kl. 13.00.

Sturla Haraldsson
Guðmundur Haraldsson
Hildur Haraldsdóttir
Ingimar Haraldsson

Anna Ólafsdóttir
Rannveig Jónsdóttir
Ingvar Ásgeirsson
Bjarnfríður Ósk Sigurðardóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorsteinn Gunnar Eggertsson

lést á Landspítalanum laugardaginn 9. apríl. Útför verður auglýst síðar.

Ágústa Birna Árnadóttir
Lovisa Sigrún Svavarsdóttir
Bjarni Svavarsson
Sigurlaug Þorsteinsdóttir
Arni Þorsteinsson

Anton Antonsson
Herdis Wöhler
Arnar Hannesson
Ragna Hafsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og dóttir,

Ingunn Jóna Björnsdóttir

Sandslundi 11, Kjós,

lést á Landspítalanum v/Fossvog, föstudaginn 1. apríl. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, þriðjudaginn 19. apríl kl. 13.

Andrés Óskarsson
Björn Óskar Andrésson
Patrekur Ívar, María Erla, Viktor Logi
Ágústa Sigurrós Andréisdóttir
Salka Rán
og Björn Kristjánsson

Berglind Magnúsdóttir
Guðmundur S. Arnþórsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi, langafi og tengdafaðir,

Magnús Sigurðsson

málarameistari, Álfabrekku 7, Kópavogi,

lést 11. mars síðastliðinn á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns. Þeir sem vilja minnast hans láti Sóltún njóta þess.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þórhildur Helga Karlsdóttir
Karl Magnússon
Sigurður Magnússon
Liney Marinósdóttir
Herdis Stefánsdóttir



Frá æfingu fyrir afmælistýninguna í Borgarleikhúsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fagna sjötíu árum af listdansi

Afmælistýningar í tilefni af sjötíu ára afmæli Listdansksskóla Íslands fara fram í Borgarleikhúsinu í kvöld.

arnartomas@frettabladid.is

Listdansksskóli Íslands var stofnaður haustið 1952 og fagnar þar með sjötíu ára afmæli í ár. Í tilefni af tímamótunum verða sérstakar hátíðarsýningar í Borgarleikhúsinu í kvöld þar sem ýmsum af hápunktum skólans í gegnum árin verður fagnað. Ingibjörg Björnsdóttir, sem kenndi við skólann í yfir þrjátíu ár og starfaði sem skólastjóri í tuttugu ár, hefur fylgt skólanum nánast frá stofnun en hún tók þátt í sinni fyrstu sýningu 1954.

„Það voru búnir að vera þó nokkrir einkaskólar í þó nokkurn tíma en fæstir þeirra áttu mjög langa ævi. Árið 1947 var svo stofnað Félag íslenskra listdansara og þar voru hvorki meira né minna en heilir fimm félagar,“ segir Ingibjörg og hlær. „Það bættist svo aðeins í hópin og ákveðið var að stofna Félag íslenskra listdansara svo hægt væri að vinna saman í stað þess að vera í stöðugri samkeppni og reyna að gefa listdansinum meira vægi.“

Árið 1950 stigu svo dansarar úr nýstofnuðu félaginu á stökk við opnun Þjóðleikhússins og dönsuðu sem álfar á nýársnótt. „Þau vöktu heilmikinn fögnuð og þetta var þó nokkur hópur,“ segir Ingibjörg. „Þau voru alls 18 talsins en þar af voru einhverjir karlar sem var nánast kippipt upp af götunni, leikarar og annað.“

Tveimur árum síðar var Listdansksskóli Þjóðleikhússins stofnaður og skólastjóri var Guðlaugur Rósenkranz Þjóðleikhússtjóri.

Spurð hver stærsti áfanginn í sögu listdansins á Íslandi sé er Ingibjörg ekki lengi að svara.

„Stóri áfanginn er auðvitað stofnun íslenska dansflokksins,“ segir hún. „Alveg frá byrjun var markmiðið að koma á stofn atvinnudansflokki.“

Kynbundinn þröskuldur

Spurð hvort það sé eitthvað sem aðgreini dansinn á Íslandi frá nágrannalöndunum bendir Ingibjörg á hlut kvenna í menningunni hér á landi.

„Hjá nágrannalöndunum sem eiga eldri danshópa, eins og Danir og Svíar sem eiga dansflokka frá 18. öldinni, þá eru þetta allt karlmenn sem koma að



Ingibjörg hefur fylgt Listdansksskóla Íslands nánast frá stofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

„Hér á Íslandi voru þetta nánast allt konur sem hafa rekið þessa listgrein alla tíð. Það setur auðvitað svip sinn á hlutina hérna heima.“

stofnuninni og semja dansverkin,“ segir hún. „Hér á Íslandi voru þetta og eru nánast allt konur sem hafa rekið þessa listgrein alla tíð. Það setur auðvitað svip sinn á hlutina hérna heima.“

Ingibjörg segir að listdansarar hafi oft kynjahlutfallið á bak við eyrað þegar kemur að styrkveitingum og annarri aðstoð.

„Þegar það gengur brösulega að fá

opinbera styrki og annað slíkt þá spyr maður sig hvort það hafi verið þröskuldur á veginum að þetta séu aðallega konur,“ segir hún. „Það er þó auðvitað vandamál fyrir fleiri greinar að fá fjármagn fyrir listir.“

Standardinn hefur hækkað

Ingibjörg tekur undir að í dag sé mikil gróska í íslenskri dansmenningu.

„Það er orðin svo mikil fjölbreytni. Það sést til dæmis í söngleikjunum sem hafa verið settir upp í leikhúsunum á undanförunum árum hvað það er mikið af góðum dönsurum,“ segir hún. „Standardinn hefur hækkað mjög mikið.“

Samt sem áður segir Ingibjörg að hin séríslenska meðalmennska haldi aðeins aftur af dansinum hér á landi.

„Það þarf mikla atorku og áhuga til að ná þeim árangri sem þarf að ná til dæmis til að komast á heimssenuna í klassíska ballettinum,“ segir hún. „Maður myndi kannski vilja sjá örlítið meira úthald í dansheiminum – að bíta bara á jaxlinn og gera þetta!“

Að sjálfsögðu lætur Ingibjörg sig ekki vanta á sýninguna í kvöld.

„Ég læt yfirleitt ekki sýningar Listdansksskólans fara fram hjá mér, eða annarra skóla ef út í það er farið. Ég reyni að fylgjast með eins og ég lifandi get og hlakka til að sjá hvað gerist,“ segir hún. ■



Vinstri græn ganga lengra um alla borg

Nú um páskana mun hinn eini sanni **Stefán Pálsson** leiða skemmtilegar sögugöngur um hverfi borgarinnar. Komdu með í léttar göngur og heyrðu sögurnar á bak við hverfin með hinum sögufróða frambjóðanda.

Skírdagur:

Söguganga um Elliðaárdal og Árbæjarhverfi
Arkað um náttúruperluna Elliðaárdal með vöskum frambjóðendum.

Safnast saman við Árbæjarlaug

Laugardagur:

Söguganga um Öskjuhlíð
Sagan er við hvert fótíð í Öskjuhlíð. Stríðsminjar, þjóðvegaræningjar og falinn fjársjóður.

Safnast saman við Perluna

Páskadagur:

Söguganga um Laugarnes og Laugardal
Holdsveikraspítali, fiskverkun og upphaf sundiðkunar.
Safnast saman við verslunarkjarnann í Laugalæk

Annar í páskum:

Gengið umhverfis Grafarvog
Sagan er alls staðar, í yngri hverfum borgarinnar. Gengið yfir Gullinbrú og umhverfis voginn.
Safnast saman við Kaffitár, Stórhöfða

Allar gönguferðirnar hefjast kl. 12.



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskipta-fréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag Málefni liðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rann-sóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Bíóbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Markaðurinn (e)

RÚV Sjónvarp

- 08.00 KrakkaRÚV
- 10.00 Fólkið í blokkinni
- 10.30 Loforð
- 11.00 Víti í Vestmannaeyjum - Sagan öll
- 11.25 Undur veraldar
- 12.15 Fólkið mitt og fleiri dýr
- 13.05 Kastljós
- 13.30 Joanna Lumley og Silkileiðin
- 14.20 Háski í Vöðlavík (2 af 2)
- 15.05 Kveikur
- 15.40 HM stofan Upphitun fyrir leik Austurríkis og Íslands.
- 15.55 Austurríki - Ísland Bein útsending frá leik í umspili um laust sæti á HM karla í handbolta.
- 17.30 HM stofan Uppgjör á leik Austurríkis og Íslands.
- 17.50 Sætt og gott
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hróturinn Hreinn
- 18.08 Millý spyr
- 18.15 Hvolpasveitin
- 18.37 Eldhugar - Nzinga - drottning
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Lag dagsins
- 18.52 Vikinglottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Líkamsklukkan. Hvað knýr okkur áfram?
- 21.00 Framúrskarandi vinkona My Brilliant Friend
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Hús nornanna - Fyrri hluti The Pale Horse
- 23.20 Brontë-systur. Ósýnileg spor To Walk Invisible. The Bronte Sisters
- 01.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 08.00 The Prince of Egypt - isl. tal
- 09.40 Tveir vinir og Greifingi - isl. tal
- 10.50 Álög drekans - isl. tal
- 12.15 Hanaslagur - isl. tal
- 14.00 The Block
- 15.00 MakeUp
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Celebrity Best Home Cook
- 20.10 Survivor
- 21.00 Chicago Med
- 21.50 Station 19
- 22.40 Ghost in the Shell
- 00.25 Blind
- 02.05 Unlocked
- 03.40 Tónlis

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.15 The O.C.
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Claws
- 10.05 NCIS
- 10.45 Masterchef USA
- 11.25 Marga barna mæður
- 11.55 Skitamix
- 12.20 Matargleði Evu
- 12.40 Nágrannar
- 12.50 Um land allt
- 13.45 30 Rock
- 14.05 Gulli byggir
- 14.35 Framkoma
- 15.05 Atvinnumennirnir okkar
- 15.35 Lóa Pind. Snapparar
- 16.10 The Cabins
- 17.00 Last Week Tonight
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 17.55 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Kvöldstund með Eyþóri Inga Eyþór Ingi er hér í banastuði ásamt einvalaliði tónlistarfólks.
- 20.05 10 Years Younger in 10 Days
- 20.50 Grey's Anatomy
- 21.40 Outlander
- 22.50 Nach
- 23.10 The Blacklist
- 23.55 Girls5eva
- 00.25 Grantchester
- 01.10 The Gloaming
- 02.00 The O.C.
- 02.40 Claws
- 03.25 Masterchef USA Stór-skemmtilegur matreiðslu-þáttur með Gordon Ramsey í forgrunni ásamt þeim Aarón Sanchez og Joe Bastianich en auk þeirra munu hinar ýmsu goðsagnir úr matreiðsluheiminum aðstoða þá.

Forstjóri Bankasýslu ríkisins situr fyrir svörum

Í Markaðnum á Hringbraut í kvöld verður rætt við Jón Gunnar Jónsson, forstjóra Bankasýslu ríkisins, um söluna á Íslandsbanka. Ýmsir hafa orðið til að gagnrýna framkvæmd útboðsins og kallað hefur verið eftir því að stjórn og forstjóri Bankasýslunnar segi af sér.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT
1 formæla
5 rennsli
6 átt
8 fyrirlestur
10 átt
11 máleining
12 leikur
13 keppni
15 reiknirit
17 gúbba

LÓÐRÉTT
1 aflaga
2 kvk nafn
3 mynni
4 svipan
7 snerting
9 dálitlu
12 etja
14 krap
16 íþróttafélag

LÁRÉTT: 1 blóta, 5 rás, 6 nv, 8 erindi, 10 na, 11 orð, 12 skák, 13 leik, 15 algrím, 17 gaura.
LÓÐRÉTT: 1 brensla, 2 lára, 3 ósi, 4 andrá, 7 við-koma, 9 nokkrur, 12 síga, 14 elg, 16 ír.


Sudoku

	2		1	5		6	
	6		2			9	
				8			5
		1		4	8		3
			3	5	9		
9		2					
6		3	9	1	7	5	
1					6	7	
	9				3		

	2			5			8
			6		9		
	5	9		8	1	2	
		2			7	6	
		4		6		3	
			5	3			1
				1			7
9	3						
2			9		8		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



BÍÓBÆRINN

MIÐVIKUDAGA KL. 20.00
OG AFTUR KL. 22.00

Gunnar Anton og Árni Gestur fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.



HRINGBRAUT



BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Opnunartími um páskana

OPIÐ:

skírdag, laugardag og annan í páskum

9-22

LOKAÐ:

föstudaginn langa og páskadag



Afgreiðsla beint í bílinn

Öruggt, fljótlegt og afar þægilegt
- Renndu við

LOKAÐ Í LYFSALANUM URÐARHVARFI OG GLÆSIBÆ

Opið 10-20

Í dag og á morgun
á öllu landinu



BÓNUS
Nammiegg

650 g

400 g
af nammi

1.998

kr./stk.

650 g



BÓNUS

Risaegg

1 kg

2.898

kr./stk.

RISA
1 kg



BÓNUS

Páskaegg

170g



BÓNUS

Páskaegg

315 g



BÓNUS

Páskaegg



BÓNUS

Páskaegg

698

kr./stk.

nr. 3
170 g

1.259

kr./stk.

nr. 4
315 g

1.598

kr./stk.

nr. 5
420 g

1.898

kr./stk.

nr. 6
520 g

BÓNUS

5.498

kr./kg



5.498

kr./kg



Íslandsnaut ungnauta ribeye
fersk

598

kr./pk.



Með
íslensku
flögusalti

SPG krydd
130 g

Íslandsnaut ungnautafillet
ferskt



579

kr./pk.



Íslandsnaut
rjomasósar
500 ml - 2 tegundir

3.998

kr./kg



2.798

kr./kg



❄ Frosið lambafillet

❄ Frosnar þykkar lambakóðilettur

1.898

kr./kg



1.598

kr./kg



Þarf ekki
að sjóða

Bónus nýreyktur íslenskur
hamborgarhryggur
m/beini

139

kr./pk.



Bónus flatkökur
5 stk. í pk.

679

kr./pk.



Bónus hangialegg
170 g

Bónus nýreyktur íslenskur
hamborgarhryggur
úrbeinaður

1.798

kr./kg



Kryddað lambalæri

1.798

kr./kg



Frosnar kalkúnabringur
þýskar

1.698

kr./kg



Fersk lambalæri



3.198

kr./kg



Ferskur heill lambahryggur

Nýr kafli í sögunni um Erró



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Sýningin Erró: Sprengikraftur mynda, stendur yfir í Hafnarhúsi. Sýningin er úttekt á ferli listamannsins sem hefur fengist við ýmsa miðla myndlistarinnar. Þar má finna allt frá gjörningum, vídeolist, grafík, fjölfeldi og klippi-myndum, til stórra verka í almannarými og málverka á öllum skala.

Hér er á ferðinni umfangsmesta sýning sem sett hefur verið upp á verkum listamannsins hérlandis. Sýningarstjórar eru Danielle Kvaran og Gunnar B. Kvaran. Axel Hallkell Jóhannesson sér um sýningarhönnun.

Sýningin er sett upp í öllu Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi og verða þar meira en 300 listaverk af ýmsum gerðum, sem og ljósmyndir og annar fróðleikur um listamanninn. Í tengslum við sýninguna kemur út vegleg sýningarskrá með textum eftir sýningarstjórana, þau Gunnar B. Kvaran og Danielle Kvaran, sem rita um ólík tímabil á ferli listamannsins, ásamt textum og viðtölum eftir Bjarna Hinriksson, Jean-Max Colard, Alain Jouffroy, Jean-Jacques Lebel, Hans Ulrich Obrist og Anne Tronche.

Nóg að gera

Erró verður níræður eftir nokkrar vikur og er enn að vinna. „Ég hef nóg að gera, fer á vinnustofuna klukkan átta á morgnana og kem heim um fimmleiti. Ég get unnið með hvaða efni sem er og haft gaman af því,“ segir Erró sem er hæstánægður með sýninguna. „Sýningin er hundrað sinnum betri en ég átti von á. Myndirnar eru svo vel settar upp. Hérna er mikið af myndum sem ég var ekki búinn að gleyma en vissi ekki hvar væru.“

Spurður hvort hann fylgist með íslenskri nútímamyndlist segir hann: „Ég fylgist helst með götu-listinni og held mikið upp á hana. Hún er ókeypis og miklu frjálssari en það sem fer á léreft.“

Skýr þróun

„Þetta er sýning sem spannar 67 ár og við höfum valið að byrja sýninguna á verkum frá 1955 þegar Erró var í Flórens,“ segir Gunnar Kvaran sem er sýningarstjóri ásamt Danielle Kvaran. „Við höfum bætt við nýjum kafla í söguna um Erró sem byggist fyrst og fremst á rannsóknunum sem Danielle hefur gert síðastliðin ár sem sýna að þegar árið 1955 var Erró farinn að vinna með tilvísanir í málverkið. Málverkin eru að hluta til form sem hann býr til og finnur upp en að hluta til eru þau einnig mjög nákvæm eftirgerð af myndum sem Erró finnur í málverkum og á söfnum í Flórens.“

Á sýningunni er myndin The Devil of Pompei sem Erró gerir 1955 í Flórens og segja má að sú mynd opni sýninguna. Þar vísar Erró mjög nákvæmlega í mexíkóskan málara og í skúlptúr sem hann fann í Pompei. Síðan rekjum við þessa sögu Errós út frá notkun hans á tilvísunum sem síðan verða að collage í bland við teikningar og síðan verða þær einfaldar collage sem verða svo að málverkum.“

Gunnar segir að á sýningunni fái mikið vægi kafli á listferli Errós sem hingað til hafi ekki verið haldið mikið á lofti. „Hér áður fyrr var talið að Erró hefði uppgötvað popplistina í New York og orðið fyrir áhrifum frá bandarískum popplistamönnum en þegar maður skoðar af dýpt listsköpun hans frá 1955 þá sér maður að hann er frekar einn af þeim evrópsku frumkvöðlum popplistarinnar sem á þessum



Erró verður níræður á þessu ári en vinnur svo að segja á hverjum degi.

FRÉTTABLAÐID/
SIGTRYGGUR ARI



Sýningarstjórnir Danielle Kvaran og Gunnar B. Kvaran ásamt Erró.



Á sýningunni eru meira en 300 listaverk af ýmsum gerðum.



Þessi sérstaka mótsagnarkennda frásagnaraðferð einkennir verk hans fram til dagsins í dag.

Gunnar B. Kvaran

tíma vildu umbreyta hugmyndum okkar um figúratífa myndlist með því að setja tilbúna myndir í verk sín. Þetta er þróun sem á sér stað mjög skýrt á árunum 1955-1960 og á árunum 1962-1963. Þessi sérstaka mótsagnarkennda frásagnaraðferð einkennir verk hans fram til dagsins í dag.“

Málverk með tilvísunum

Nýjasta verkið á sýningunni gerði Erró í fyrra: „Við sögðum við Erró: Nú erum við að segja alla þína sögu á þessari sýningu en við þurfum að fá eitt málverk til að loka sýning-

unni. Málverkið sem hann gerði byggir á tveimur tilvísunum hans í eigin verk, frá 1959 og 1964.“

Sýningin í Listasafni Reykjavíkur stendur til 29. september. Til stóð að hún færi til Moskva en vegna Úkraínustríðsins verður ekkert af því. Sýningin mun fara til Árósa og síðan til Frakklands.

Í París er um þessar mundir sýning á nýjum verkum eftir Erró. Hún er á tveimur hæðum og þar eru um fimmtíu myndir, hver um sig 2x3 metrar. Hinn 20. maí mun Erró síðan sýna 26 stórar myndir, nýlegar og eldri, í kastala í Normandí. ■

Míkael erkiengill reið um á dómsdegi

TÓNLIST

Verdi: Sálumessa

Flytjendur: Söngsveitin

Filharmónía og

sinfóníuhljómsveit

Einsöngvarar: Hallveig

Rúnarsdóttir, Hildigunnur

Einarsdóttir, Gissur Páll

Gissurarson og Kristinn

Sigmundsson

Konsertmeistari: Sif Margrét

Tulinius


Stjórnandi: Magnús Ragnarsson

Jónas Sen

Tenórsöngvarinn frægi Jose Carreras sagði einu sinni að maður ætti aldrei að rifast við sópransöngkonu. Ég myndi að minnsta kosti ekki vilja lenda í rifrildi við Hallveigu Rúnarsdóttur, sem var í einsöngshlutverki í Sálumessu Verdis hjá Söngsveitinni Filharmóníu í Langholtskirkju á sunnudagskvöldið.

Hallveig söng af því líkri þrumuraust að henni tókst að yfirgnæfa heila sinfóníuhljómsveit og stóran kór á fullu. Ég er með Apple-úr sem mælir hljóðstyrk, og það sýndi 100 desíbel; ekkert smáræði. Auðvitað er kraftur einn og sér enginn mælikvarði á list. En Hallveig söng af einstakri tilfinningu fyrir inntaki tónlistarinnar hverju sinni, söngur hennar var í hvívetna fagmannlegur og stórbrotinn.

Þessir tónleikar hafa staðið lengi til. Covid gerði Söngsveitinni lífið leiðt og þurfti að fresta flutningnum



Hallveig Rúnarsdóttir söng af einstakri tilfinningu fyrir inntaki tónlistarinnar, segir Jónas Sen.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

oftar en einu sinni. Loksins kom að því.

Kannski hefur biðin gert að verkum að enn meira var lagt í túlkunina en annars. Þetta voru nefnilega stórkostlegir tónleikar.

Helviti er raunverulegt

Sálumessan eftir Verdi er með eindæmum dramatísk. Hún byggir á hugarheimi kaþólsku kirkjunnar

eins og hann var áður en kirkjan var færð til nútímans á Vatikanþinginu á sjöunda áratug aldarinnar sem leið. Helviti er þar raunveruleiki og allir sem ekki eru sanntúaðir og hreinlífir kaþólikkar lenda í logunum á dómsdegi.

Sálumessa Verdis þótti heldur munúðarfull og dramatísk þegar hún heyrðist fyrst, hún er eiginlega hálfgerð ópera. Tónlistin er

mögnuð, lýsingin á dómsdegi er svo raunveruleg að maður sér fyrir sér heiminn brenna upp í kosmískri ógn og skelfingu.

Frábær einsöngur – frábær kór

Einsöngvararnir stóðu sig frábærlega. Þegar hefur verið minnst á frammistöðu Hallveigar, en hinir voru ekkert síðri. Það voru þau Hildigunnur Einarsdóttir messó-

sópran, Gissur Páll Gissurarson tenór og Kristinn Sigmundsson bassi. Raddir þeirra voru þéttar og stórar, auk þess sem þær blönduðust einkar vel saman svo úr varð voldugur heildarhljómur.

Kórinn var líka með sitt á hreinu. Heildarmyndin var gædd sannfærandi fyllingu og mismunandi raddir voru tærar og í góðu jafnvægi innbyrðis. Sönggleiðin var einnig smitandi, það var einhver áfergja og tilfinningahiti í söng kórsins sem fór tónlistinni ákaflega vel.

Mögnuð hljómsveit

Hljómsveitin var jafnframt pottþétt á sínu. Slagverkið var meistaralegt; pákur Franks Aarninks og bassatromma Kjartans Guðnasonar voru eins og hófatakið þar sem Míkael erkiengill reiður um á dómsdegi. Hvílik læti! Sellósóló Steineyjar Sigurðardóttur var himneskt; þannig mætti lengi telja. Í heild var hljómsveitin afar fókuseruð og skilaði hlutverki sínu á óviðjafnanlegan hátt.

Magnús Ragnarsson stjórnaði herlegheitunum og gerði það með bravúr. Túlkunin, undir hans stjórn, var grípanði og innileg, glæsileg og hástemmd, svo mjög að maður féll í stafi aftur og aftur. Hvergi var dauður punktur. Án efa var þetta besti flutningur á Sálumessu Verdis sem undirritaður hefur heyrt á tónleikum. ■

NIDURSTAÐA: Aðdáunarverður tónlistarflutningur.



Mynd af Hallgrími Péturssyni eftir Hafliða Hallgrímsson.

MYND/AÐSEND

Passíusálmar í Hörpu

kolbrunb@frettabladid.is

Listvinafélagið í Reykjavík, sem í ár fagnar 40 ára afmæli sínu, stendur fyrir heildarlestri Passíusálmanna í Hörpuhorni Hörpu á föstudaginn langa, 15. apríl, klukkan 12-17.

Lesari í Hörpu er Halldór Hauks-

son og félagar úr Mótettukórnum og kammerkórnum Schola cantorum syngja milli lestranna undir stjórn Harðar Áskelssonar. Lögð er áhersla á óþvingað flæði í Hörpuhorni þannig að gestir geti komið og farið að vild og tónlistaratriði verða nokkrum sinnum milli lestra yfir daginn. ■

Skrölt í Úthverfu

kolbrunb@frettabladid.is

Föstudaginn 15. apríl klukkan 16 verður opnuð sýning á verkum Fritz Hendriks IV í Úthverfu á Ísafirði. Sýningin ber heitið Skrölt / A Sad Scroll og stendur til sunnudagsins 15. maí.

Fritz Hendrik IV (f. 1993) er íslenskur myndlistarmaður sem að býr og starfar í Reykjavík. Fritz hefur meðal annars haldið einkasýningar í Kling og Bang og Bærum Kunsthall í Noregi auk þess að hafa tekið þátt í fjölda samsýninga hérlandis og erlendis. Verk Fritz eru í eigu einkaaðila og safnara sem og Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur. ■



Verk á sýningunni.

MYND/AÐSEND

Ársfundur 2022

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna verður haldinn miðvikudaginn 27. apríl næstkomandi kl. 17.00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Dagskrá:

1. Venjuleg störf ársfundar skv. 6. gr. samþykktá sjóðsins
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Vakin er athygli á að á fundinum fer fram kosning þriggja stjórnarmanna og jafnmargra varamanna og skulu tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund skv. 2. grein samþykktá sjóðsins.

Nánari upplýsingar má finna á vef sjóðsins:

www.lifbank.is

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna



Skipholti 50b • 105 Reykjavík • Sími 569 0900
lifbank@lifbank.is • www.lifbank.is

EXTRA

EXTRA
GOTT UM PÁSKANA*



2399 kr.stk.

Delici Belgian Chocolate Soufflé 600g



1699 kr.stk.

Ford Farm Truffle Cheddar



1749 kr.stk.

Ford Farm Wensleydale w/Cranberries

*Breytilegt úrval milli verslana

Barónsstígur • Keflavík • Akureyri

LÍFIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

13. apríl 2022 MIÐVIKUDAGUR

Laddi rís upp frá dauðum um

Laddi snýr aftur í framhalds-þáttum af Jarðarförinni minni sem frumsýndir eru í Sjón-varpi Símans í dag. Að þessu sinni hverfist sagan um brúðkaup. Kristófer Dignus leikstjóri segir sólina hafa vantað á setti en hún skili sér vonandi í sögunni.

ninarichter@frettabladid.is

Brúðkaupið mitt, nefnist framhaldið af hinum geysivinsælu þáttum Jarðarförin mín sem sýndir voru í Sjón-varpi Símans fyrir tveimur árum.

„Í byrjun átti Jarðarförin mín bara að standa ein og sér og var þannig þökkun inn og skrifun og hugsun,“ segir Kristófer. „En eins og með mörg verkefni sem fá meðbyr og jákvæðni í samfélaginu, þá er handritshatturinn settur aftur ofan á hausinn og maður finnur leiðir til að láta hlutina lifa áfram – í bókstaflegri merkingu.“

Krefjandi verk fyrir höfundana

Í Jarðarförinni minni var persóna Ladda deyjandi maður. „En við vorum ekki alveg búin að drepa hann,“ segir Kristófer.

Þannig má segja að persónan hafi verið reist upp frá dauðum þessa páskana. Aðspurður hvort slíkt sé krefjandi fyrir handritshöfunda svarar Kristófer að svo sé. „Sérstaklega ef maður ber það saman við að setjast niður með ferska hugmynd þar sem allir vegir eru færir,“ segir hann. Þarna sé byggt á heimi sem þegar er til, þar sem hent hefur verið út þráðum og samböndum og allt þurfi að meika sens í framhaldinu, eins og hann orðar það.

Höfundateymið samanstendur af Kristófer, Jóni Gunnari Geirdal og Heklu Elísabetu Aðalsteinsdóttur og segir hann þríeykið hafa dansað í kringum verkefnið eins og heitan graut. „Maður þorir aldrei að byrja af því að þegar maður byrjar verður maður dedíkeraður línunni sem maður er að taka. Við vildum virkilega byrja rétt á þessu nýja framhaldi.“

Ástin ekki bara jákvæð

Hópurinn tók ákvörðun um að fara í þveröfuga átt að þessu sinni. „Fyrsta þáttaröðin fjallar um dauða og hvernig fólk tekst á við sorg. En núna snerum við þessu við og ákváðum að hafa nýju seríuna alveg hinum megin,“ segir Kristófer og því fjalli Brúðkaupið mitt um ástina. „Það er stór tilfinning líka, alveg eins og sorg, og hún er ekki bara jákvæð, það eru alls konar neikvæðir hlutir sem tengjast ástinni,“ segir hann.

Karakterarnir héldu þannig lífi sínu áfram og segir Kristófer það hafa auðveldað skrifin að vissu marki. „Þá veistu hvað er eðlilegt fyrir persónurnar að gera,“ segir hann. Þær hafi verið mótaðar í Jarðarförinni, þannig að þegar plott og söguþráður liggi fyrir falli karakterarnir í sinn farveg.

Hvorki morð né geimskip

Kristófer segir engar sprengingar, morð eða geimskip koma við sögu í þáttunum. „Þetta er allt byggt á tilfinningum og samskiptum og þá þarf að vera baksaga,“ segir hann, að það sé forsenda þess að karakterarnir séu raunverulegir. „Þannig að það er heljarinnar baksaga á bak við hvern einasta karakter sem vonandi endurspeglast í sögunni, hvernig manneskja þetta er.“

Aðspurður hvort höfundateymið hafi alltaf verið sammála um baksögu og afdrif persónanna segir Kristófer: „Já. Þetta var ótrúlega vel heppnað skrifherbergi, við þrjú vorum alltaf í takt.“

Vinna við þættina hófst í apríl



Persóna Ladda var ekki öll í þáttunum Jarðarförin mín.

MYND/ADSEND



Kristófer Dignus segir léttara yfir þessari seinni þáttaröð en hinni fyrri.

MYND/ADSEND

páskana



Kristófer Dignus leikstjóri segir hverja sögu-persónu eiga sér heljarinnar baksögu í fram-haldspáttunum Brúðkaupið mitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Fagnar meðgöngu og hyggst forðast fjölmiðla

ninarichter@frettabladid.is

Bandaríska poppstjarnan Britney Spears á von á sínu þriðja barni með einkaþjálfaranum Sam Ashgari. Párið trúlofaði sig í september. Hin fertuga Spears losnaði undan for-ræði föður síns á síðasta ári, eftir mikla forræðisdeilu sem leiddi af sér fjöldahreyfinguna #Free Britney. Spears sagði í réttarsal á meðan



Párið á nú von á barni sem er þriðja barn Spears. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

deilunni stóð að hún vildi geta gift sig og eignast fleiri börn, en hún var neydd á getnaðarvörn og meinað að ganga í hjónaband á meðan faðir hennar fór með forræðið. Þann 13. september 2021 trúlofuðust þau Ashgari og þann 12. nóvember var hún formlega frjáls, í fyrsta sinn síðan árið 2008. Söngkonan á tvö börn með dans-aranum Kevin Federline, synina

Sean og Jaden, fædda 2006 og 2005. Hún var hundelt af ljósmyndurum á meðan drengirnir voru ungir og hefur í seinni tíð opnað sig um fæðingarþunglyndi og erfiðleika á þeim tíma. Spears, sem hefur verið opin-ská á samfélagsmiðlum, sagðist á samfélagsmiðlum í vikunni ætla að halda sig frá sviðsljósinu á með-göngunni. ■

Heildstæð fegurð.

Gaggenau-tækin: frábær hvert um sig, einstök saman.

Munurinn felst í Gaggenau.
sminor.is | gaggenau.com

SMITH & NORLAND
GAGGENAU

2021 og því er ár liðið síðan fyrsta orðið rataði á blað. Tökurnar hafi farið fram um sumarið.

„Stærðargráðan á þessu verkefni er þannig. Þetta er ekki skrimсли eins og Ófærð,“ segir hann og bætir við að allt gerist þetta á einum og sama stað í samtímanum. Þetta sé hvorki períóða né úti um allar trissur.

Áhrifavaldur og tólf ára barn
En eru nýjar sögupersónur kynntar til leiks?

„Já, það eru mjög skemmtilegir karakterar. Inn í líf aðalpersónunnar Björns, sem er sonur Benedikts og Aspar konunnar hans, kemur barn sem hann vissi ekki af, nema hvað þetta barn er orðið 12 ára og hann er fyrst að kynnast því núna. Það setur allt á annan endann í þeirra sambandi. Svo kemur inn í þetta líka mikill töffari, Óli Briem, sem er áhrifavaldur og sjónvarpsstjarna sem Ösp fer að vinna með. Hann fer að krukka í henni og rugla í henni,“ segir Kristófer. Hann segir ekki hafa verið erfitt að skrifa fyrir ungling, þar sem hann eigi þrjú börn á þeim aldri sjálfur. „Það er stutt fyrir mig að sækja það,“ segir hann og hlær.

„Tökurnar gengu vel en það eina sem vantaði var sólin. Jarðarförin mín var drungaleg og þar voru gráir tónar. Þessi sería átti að vera svo mikil brúðkaups-sumarstemning, en síðasta sumar var frekar glatað,“ segir Kristófer. „Það var svolítið grátt yfir öllu og ég hefði viljað hafa aðeins meiri sól og hlýju, en vonandi kemur það bara í karakter-unum og sögunni.“ ■



AÐALFUNDUR

Landssambands sumarmúsíkmenna.

Verður haldinn, fimmtudaginn 28. apríl í húsnæði Eignaumsjónar, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík (jarðhæð) kl. 18:00

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Á fundinum verður erindi frá Dóru Hjálmarsdóttur, verkfræðingi vegna gróðurelda.

Stjórnin.

ALLT FRÁ TEMPUR MEÐ 20% AFSLÆTTI TEMPUR-DAGAR



VEFVERSLUN www.betrabak.is



TEMPUR® Cloud línan Hönnuð fyrir meiri mykt Mjúk ● ● ● ● ● Stíf	
TEMPUR® Original línan Hönnuð fyrir meiri stuðning Mjúk ● ● ● ● ● Stíf	
TEMPUR® Hybrid línan Hönnuð fyrir sneggra viðbagð Mjúk ● ● ● ● ● Stíf	
TEMPUR® Firm línan Hönnuð fyrir enn meiri stuðning Mjúk ● ● ● ● ● Stíf	

Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval



heilsukodda

AFGREIÐSLUTÍMI PÁSKAR

13. APRÍL - 11-18	16. APRÍL - 11-16
14. APRÍL - LOKAÐ	17 APRÍL - LOKAÐ
15. APRÍL - LOKAÐ	18. APRÍL - LOKAÐ

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566





Sigga, Beta og Elin ásamt breska keppandanum Sam Ryder, en honum er spáð góðu gengi í keppninni. MYND/ADSEND

Fengu smjörþef af Ítalíu

Íslensku keppendurnir kynntu framlag Íslands til Eurovision, Með hækkandi sól, í Hollandi um helgina. Þar tóku þær þátt í árlegum viðburði ásamt fulltrúum 27 annarra þjóða.

erlamaria@frettabladid.is

Fulltrúar Íslands í Eurovision í ár, þær Sigga, Beta og Elín, héldu til Amsterdam um síðustu helgi og komu fram á kynningarviðburðinum Eurovision in concert. Árlega flykkjast júröþyrstir aðdáendur til borgarinnar, þar sem þeir geta kynnst lögum og keppendum betur. Umgjörðin var hin glæsilegasta og systurnar ánægðar með helgina.

„Þetta gekk ótrúlega vel og viðtökurnar voru mjög góðar. Þetta er rosa stór heimur og skemmtilegt að fá að vera partur af þessu, fá smá smjörþef af því hvernig þetta verður úti á Ítalíu,“ segir Elísabet Eypórsdóttir, oftast kölluð Beta, þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. Þó verði umgjörðin töluvert stærri í keppninni sjálfri. „Maður er svona að þjálf sig í öllu áður en við förum út og keppum.“

Ekkert drama og allir peppaðir
Líkt og landsmenn komust að í aðdraganda Söngvakeppninnar verða systurnar ekki bara þrjár

”
Hingað til hefur ekki verið neitt drama, allir eru bara góðir á því. Allir mega peppaðir og ánægðir með þetta.

Elísabet Eypórsdóttir

á stóra sviðinu í maí, því Eypór bróðir þeirra verður þeim til halds og trausts á trommunum. Þrátt fyrir mikla nálægð og samskipti við systkini sín í gegnum þetta ferli segir Beta enga árekstra hafa orðið. „Það er bara ómetanlegt að fá að vinna með þeim og hingað til hefur ekki verið neitt drama, allir eru bara góðir á því. Allir mega peppaðir og ánægðir með þetta.“

Hún segir næstu vikur mjög annasamar. Á fimmtudaginn halda þær út fyrir landsteinana á ný til að kynna lagið, en í þetta sinn sé ferðinni heitið til Spánar þar sem þær munu koma fram á kynningartónleikunum PrePartyEs. „Við komum heim frá Amsterdam á sunnudag-

inn og svo er það Madrid á fimmtudaginn. Við komum svo aftur heim á páskadag og skellum okkur beint í páskamatinn hjá mömmu og pabba.“

Þá taki við stífar æfingar og undirbúningur hér heima fyrir Ítalíu. „Svo verða einhver online Zoom-partí sem við tökum fyrir Eurovisíon-aðdáendur, spilum lagið okkar Með hækkandi sól og Euphoria, sendum upptökur af okkur flytja lögin og heilsum fólki.“

Ætla að vera Íslandi til sóma
Þegar kemur að endanlegri umgjörð lagsins, sviðsetningu og búningum segir Beta það enn vera í vinnslu. „Það verða breytingar. Við verðum samt ekki fljúgandi á sviðinu, en við erum að gera smávægilegar breytingar á öllu saman.“

Nú þegar tæplega mánuður er í keppnina sjálfa segist Beta hafa fundið mikinn meðbyr með laginu síðustu vikur meðal Íslendinga. „Mér finnst ótrúlega gaman að sjá hvað fólkið hérna er að sýna okkur mikinn stuðning og tala vel um lagið.“

Hún segir að takmark þeirra í Tórínó sé einfalt. „Við ætlum að gera okkar allra besta þarna úti og vera landi okkar til sóma. Vera bara í kærleikanum og halda áfram að vera við sjálf svo útkoman verði bara sem allra best.“ ■

Tíu hlutir í páskabústaðinn

ninarichter@frettabladid.is



Auður Ottesen

Margir Íslendingar hafa að síð að verja páskafríinu í sumarbústað. Auður Ingibjörg Ottesen er ritstjóri timaritsins Sumarmúsíð og garðurinn og er því öllum hnútum kunnug þegar kemur að lífinu í bústað.

„Ég ætla að eyða páskunum í að klára að byggja bílskúr. En ég mun alveg heimsækja einhvern í bústað og taka eitthvað ásamlegt með mér og banka upp á. Og það er síður sem fólki ætti að taka upp á,“ segir Auður. „Að taka eitthvað með sér og banka upp á. Það er ekkert

ömurlegra en að vera í bústað og fá svo holskeflu af gestum og vera alveg fastur við eldhúsvaskinn. Það er miklu skemmtilegra að koma við í bakaríi eða taka með sér eina rauðvín eða eitthvað svoléiðis, það er nútíminn!“

Aðspurð hvað sé mikilvægast að taka með svarar Auður að bragði:

1. Maturinn! Það er mikilvægt að vera með góðan mat. Það er alveg gúrmei. Fólki á að gera vel við sig í mat og fá sér ís og búa eitthvað til. Það hefur allan heimsins tíma í bústaðnum.
2. Sleppa megrunarkúrum. Svo tekst maður bara á við tilveruna þegar páskarnir eru búnir.
3. Spil og þess háttar.
4. Skæri, pappír og litir. Það á að búa til ævintýri með krökk-

unum og fara aðeins út fyrir boxið.

5. Ef þú ert með ungling skaltu taka vinina með! Unglingarnir verða alveg trylltir ef þeir þurfa að hanga með foreldrunum.
6. Óáfengt te-freyðivín! Það er sniðugt ef maður er með börnin.
7. Það er enn þá myrkur á kvöldin á páskum, þannig að það eru síðustu forvöð að hafa kveikt á kertum. Það er um að gera að hafa kerti með sér.
8. Kósi náttföt! Þá fer maður í náttfötin um kvöldmatarleytið og er svo bara í þeim.
9. Hlý föt! Það er rosalega bjart og fallegt úti en getur verið kalt. Þá er gott að hafa hlý föt meðferðis fyrir þá sem vilja fara í göngutúra.
10. Og muna eftir páskaegginn! ■



blómavali HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Allt fyrir páskana

í Húsasmiðjunni og Blómavali



Páskalliljur
Teta a tete, keramik pottar
fylgja ekki. 10323020

799 kr



Túlípanar
10 stk.

1.990 kr



Páskalliljur
Afskornar,
10 stk., í búnti.
10000089

1.990 kr



Páskagreinar
Forsythia.
10005895

1.490 kr



20%

Sýpris
80-100 cm.

1.990 kr
~~2.490~~ kr

Trampolín,
12 ft Durasport
3,66 metrar, 6 fætur 72
gormar, öryggisnet fylgir,
hámarksþyngd á trampolíni
er 150 kg. 3900557

39.990 kr
~~47.990~~ kr

Trampolín tilboð

í garðinn fyrir sumarið



Trampolín, 14 ft
Durasport
4,26 metrar, 6 fætur,
öryggisnet fylgir. 3900586

45.990 kr
~~54.990~~ kr

Rafmagnsnuddpottar

Nokkrar gerðir,
4-6 manna



25%

Verð frá:

89.990 kr
~~119.990~~ kr



15%

OUTBACK

Gasgrill

Graphite 3b
Grillflötur: 560x380 mm með
þremur ryðfríum brennurum og
hliðarhellu, afköst 12,4 kW. 3000390

42.490 kr
~~49.990~~ kr



weber

Gasgrill Spirit II

Grillflötur: 60x44,5 cm, efri grind:
55,5x11,5 cm, 3 ryðfrír brennarar:
8,79 kW, pottjárn grillgrindur.
3000257

89.990 kr

Hjólin eru komin
Ótrúlegt úrval

AUTHOR

Barnareiðhjól Energy

Stærð: 20" dekk, 10" grind
með Silfurgrind og rauðum
gaffli. Grind: 9", grind úr
álblöndu 6061. Bremsur:
Handbremsur Tektro V
bremsur. Skipting: 6 gíra
(Shimano). Dekk: 20" x 1,50",
þyngd: 10,6 kg. 3901788

39.890 kr



20" reiðhjól Hentar 115-135 cm á hæð



15%

cozze

Pizzaofn 13"


Búðu til þína eigin pizzu á 2 mínútum.
Með breiðu opi og bökunarsteini, tekur
Ø34 cm pizzur. 3002400

39.940 kr
~~46.990~~ kr



Skannaðu kóðann og sjáðu tilboðin
Sjá afgreiðslutíma um páskana á husa.is

Páska-
blómin
eru komin



Bakþankar

Láru G. Sigurðardóttir

Tveir heimar

Hvenær vaknaðir þú síðast og hugsaðir hve ljúft lífið væri? Og hversu oft mætir þú fólki sem geislar af lífsgleði? Það fer ekki mikið fyrir glaðværd á förnum vegi eða í umferðinni, hvað þá komm-entakerfinu. Vissulega er margt sem má betur fara, en við höfum tilhneigingu til að gleyma hve gott við höfum það miðað við önnur heimshorn og önnur tímaskeið sögunnar. Sem dæmi var meðal-ævilengd Íslendinga 50 ár um alda-mótin 1900 en er í dag yfir 80 ár. Við leyfum því sem gerist í kringum okkur að hertaka liðan okkar, sem oftast en ekki dregur úr okkur mátt og gleði.

Sagt er að tveir heimar stjórni liðan, innri og ytri heimur. Innri heimurinn geymir hina sönnu hamingju. Þar er sálin í sínu tærasta formi uppspretta innri friðar og jarðvegur fyrir betri liðan. Á hinn bóginn leyfum við erfiðleikum og neikvæðni úr hinum ytri heimi að sá fræjum ótta, kvíða og reiði. Það er þá sem lífið verður byrði. Þar sem við stýrum flæði hugsana okkar getum við tekið í taum eigin tilfinn-inga. En fyrst þarf að aðskilja innri og ytri heima. Við þurfum að vera meðvituð um þegar liðan sveiflast með umhverfinu og ytri heimur heltekur hugann. Þá getum við ríkt yfir eigin huga og kosið að sjá hið góða í öðrum eða öðlast skilning á því sem betur má fara. Við það færast ró yfir hugann sem óhjá-kvæmilega lætur okkur líða vel.

Listinni að lifa þarf að sinna af alúð. Hún lærir ekki án fyrir-hafnar, ekki frekar en píramíðarnir í Gísa byggðust fyrir 4.500 árum. Ef byggingarverkamennirnir forðum daga hefðu eytt orku sinni í að knésetja hverjir aðra væri þetta undur veraldar væntanlega lítið fyrir augað. Það er hins vegar undir okkur komið að skapa undur í eigin heimi. ■

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

Með þér á stafrænni vegferð

Við erum með lausnina

Við hjálpum fyrirtækjum að taka betri ákvarðanir, með greiningu gagna og innleiðingu viðskiptalausna. Hafðu samband og við tengjum þig við framtíðina.

wise.is | sala@wise.is